



**Flugslysaæfing**  
**Egilsstaðaflugvöllur 2015**  
**Lokaskýrsla**



**Flugslysaæfing  
verður á  
Egilsstaðaflugvelli  
9.maí 2015.**

**Allar viðbragðseiningar á  
útkallslista vegna flugslysa eru  
boðaðar á æfinguna:**

Björgunarsveitin Ársól, Björgunarsveitin  
Bára, Björgunarsveitin Brímrun, Björgunarsveitin  
Eining, Björgunarsveitin Geisli, Björgunarsveitin  
Gerpir, Björgunarsveitin Hérað, Björgunarsveitin  
Ísólfur, Björgunarsveitin Jökull, Hjálparseit skáta  
Fjöllum, Björgunarsveitin  
Sveinungar, Björgunarsveitin Vopni, Brunavarnir á  
Austurlandi, Isavia Egs, Lögreglan  
Egilsstöðum, Rauðakross deildir á héraði og  
nágrenni, sjúkrabíreiðir í héraði, Slökkviliðið  
Fjarðarbyggð, Starfsmann Flugfélags  
Íslands, Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 13  
, Tollverðir.



## Efnisyfirlit

Bls:			
Efnisyfirlit.....	1	Rauði krossinn.....	23
Markmið æfingar-handrit æfingar.....	2	RNSA , rannsóknarpátturinn.....	24-25
Lokaskýrsla.....	3	Ráðgjafar björgunarstjóra.....	26-28
Inngangsorð.....	4	Ráðgjafi aðgerðarstjórnar.....	28-30
Pátttaka.....	5	Ráðgjafar flutningastjóra.....	31
Æfingarsvæðin.....	7	Ráðgjafi gæslustjóra.....	32
Mönnun verkþátta.....	8	Ráðgjafi vettvangsstjóra.....	33
Almennt um framgang æfingarinnar.....	9-11	Ráðgjafi Rauða krossins.....	34-35
Aðgerðastjóri.....	12-13	Ráðgjafi fjarskipta-Neyðarlínan.....	36-37
Vettvangsstjóri.....	14-15	RNSA, uppsetning og eftirlit.....	38
Aðhlyningarstjóri.....	16-17	Ráðgjafi, förðun og leikarar.....	39-40
Flutningastjóri.....	17	Ráðgjafi aðhlyningarstj. á SSS og SLY....	41-43
Aðstoðarmaður flutningastjóra.....	18-19	Rýnifundur í lok æfingar.....	44-49
Gæslustjóri.....	20-21	Samantekt ábendinga úr skýrslum.....	49-51
Björgunarstjóri.....	22		

### Ljósmyndir:

**GÖA** er Guðbrandur Örn Arnarsson

**GS** er Guðni Sigurðsson

**FFG** er Friðfinnur Freyr Guðmundsson

**BS** er Bjarni Sighvatsson

Forsíða er unnin úr mynd GS/FFG



Þessi skýrsla er gefin út af Isavia ohf.

Umsjónarmaður með útgáfu þessarar skýrslu er

Bjarni Sighvatsson [bjarni.sighvatsson@isavia.is](mailto:bjarni.sighvatsson@isavia.is)

### Markmið:

Meginmarkmið æfingarinnar var að stefna saman öllum þeim viðbragðsaðilum sem taldir eru upp í flugslysaáætlun fyrir Egilsstaðaflugvöll og fá þá til að vinna saman við björgun mannlífa úr flugslysi.

Flugslysaáætlun fyrir Egilsstaðaflugvöll var handritið sem lá til grundvallar um verkefni og skyldur hvernar viðbragðseiningar.

Það er ekki markmið í sjálfu sér að menn æfi það sem þeir kunna, heldur að fá menn úr ólíkum viðbragðseiningum til þess að vinna saman, hlið við hlið og mynda það eðlilega flæði sem til þarf til þess að ferillinn „sjúklingur á slysstað“ til „sjúklingur á sjúkrahús“ virki sem best með hagsmuni þolenda í huga.

Endanlegt markmið er að auka öryggi í flugi á Íslandi.

### Handrit æfingarinnar:

- Búlgörsk leiguflugvél af gerðinni ATR 42-300 gerir landingartilraun á braut 04.
- Það er snarpur hliðarvindur og gengur á með hríðarkófi.
- Vélin lendir mjög innarlega og rekur vængenda í braut í sterkri vindbylgju.
- Hún skellur niður og brotnar að hluta en megin hluti vélarinnar þeytist áfram og fer vinstramegin út af brautarenda 22 og hluti út í á og jafnvel yfir ána.
- Um borð eru 40-45 sálir (SOB).

### Lokaskýrsla.

#### **Til hvers, fyrir hverja, tilgangur.**

Þetta er svokölluð lokaskýrsla flugslysaæfingarinnar sem haldin 28. september á Ísafjarðarflugvelli. Slíkar skýrslur eru gerðar í lok hvernar æfingar og þær eru sendar forsvarsmönnum viðbragðseininga ásamt mynddiski þar sem við söfnum saman því myndefni er varðar æfinguna sem við komumst yfir. Einnig eru þessar skýrslur sendar rafrænt til viðbragðseininga og einnig á netið (isavia.is) og væntanlega á facebook í nánustu framtíð.

#### **Til hvers.**

Í lok hvernar æfingar er haldinn rýnifundur þar sem talsmaður hvernar viðbragðseiningar og fleiri skýra frá því sem var þeirra upplifun á æfingunni. Bæði það sem vel fór og miður í undirbúningi hennar svo og hvað vel fór og miður við framkvæmt æfingarinnar. Við biðjum síðan sömu aðila að taka saman þessa punkta og setja á ákveðið form sem síðan fer í lokaskýrslu. Þetta eru lærdómsatriði æfingarinnar sem alls ekki mega fara forgörðum. Æfing ein og sér er góð og öllum er nauðsynlegt að æfa ætli þeir að ná færni í því sem þeir eru að gera. En í ljósi þess að flugslysaæfingar eru haldnar á fjögurra ára fresti er ljóst að nauðsynlegt er að æfingarnar leiði til þess að það sé notað sem vel hefur reynst og ekki síður að það sé lagað sem miður hefur tekist.

#### **Fyrir hverja.**

Fyrir alla þá sem tóku þátt í æfingunni. Og ekki síður þá sem ekki tóku þátt og þá sem hefja störf í einhverri viðbragðseiningu á milli æfinga. Allir munu njóta afrakstursins ef að skýrslan leiðir til að einstaklingar og einingar framkvæmi eitthvað og bæti sig til þess að ná betri árangri.

#### **Tilgangur.**

Tilgangurinn er að gera viðbragðseiningar hæfari til þess að bregðast við hópslysi. Með því að læra af nýliðinni æfingu. Með því að þú farir yfir lærdómspunkta þessar einingar og bæti út því sem miður fór. Með því fara yfir lærdómspunkta hinna viðbragðsaðilana og sjá hvort um sameiginleg vandamál hefur verið að ræða sem bæta mætti úr. Með því að yfirfara flugslysaáætlunina, bæði í kafla 8 þar sem verkefnum þessar viðbragðseiningar er lýst og skoða einnig aðra kafla þar sem farið er yfir verksvið, samvinnu og fjarskipti og koma hugmyndum um úrbætur áfram. Tilgangurinn með útgáfunni er sá að gera viðbragðsaðilum kleyft að hafa yfirsýn yfir þau atriði sem bæta þarf til þess að geta þeirra til viðbragðs verði betri.

Bjarni Sighvatsson-æfingastjóri



Ljósni: GÓA



### Inngangsorð.

Daganna 7-9.maí 2015 var haldin flugslysæfingin Egilsstaðir 2015.

Æfingin var liður í því skipulagi Isavia að halda eina viðamikla flugslysæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á öllum áætlunarflugvöllum landsins. Árið 2009 var síðast haldin stór flugslysæfing á Egilsstaðaflugvelli. Til stóð að halda aðra stóra æfingu þar haustið 2014 en vegna þess að Slysavarnarfélagið Landsbjörg óskaði eftir því að æfingunni yrði frestað vegna mikils álags á björgunarsveitir vegna vinnu við eldgosíð í Holu/Nornahrauni, var orðið við því.

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna, svokallaður ráðgjafahópur. Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslu-námskeið. Fjöldi ráðgjafa ræðst að nokkru af umfangi / fjölda þeirra sem taka þátt í æfingunni.

Heildarskipulag hvernar æfingar byggist á viðbragðsáætlun, sem Almannaáætlunardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Isavia gefur út fyrir hvern flugvöll og kallast flugslysáætlun viðkomandi vallar.

Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir var er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Rétt er að benda á að þótt æfingin beinist einkum að hagsmunum flugfarþega þá nýtist æfingin ekki síður í hverri þeirri vát sem snert gæti viðkomandi bæjarfélag og tæki til fjölda manna, hvort sem um væri að ræða bruna, snjóflóð, rútuslys eða aðra vát.

Nú ganga æfingar sem þessar ekki út á það að kenna viðbragðsaðilum það sem þeir kunna fyrir, heldur er aðaláherslan lögð á að þessir hópar læri að vinna saman og myndi eðlilegt flæði sem byggist upp á stjórnun vettvangs og umhverfi hans, björgun á slysstað, aðhlyningu við slysstað, fyrstu greiningu, flutning á söfnunarsvæði slasaðra, ummönnum þar og að lokum flutningi á sjúkrahús, fjöldahjálparstöð eða annað eftir atvikum.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar. Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Það er því ljóst, að oft er nokkuð lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfboðaliða, nyti þeirra ekki við, yrði harla lítið úr flugslysæfingum. Ber að öðrum ólöstuðum að þakka þeim sérstaklega vel fyrir sem leggja á sig að leika þolendur.

Engin æfing verður betri en áhugi þátttakenda segir til um. Þessi æfing heppnaðist í flestu vel og það er ykkur að þakka.

Isavia og þeir ráðgjafar sem komu að æfingunni vilja þakka þátttakendum fyrir ánægjuleg viðkynni og þann áhuga sem æfingunni og undirbúningi hennar var sýndur.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa einfalda og auðlesna.

Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

*Að draga fram hvað vel fór á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og dragi af því lærdóm..*

*Að draga fram hvað betur hefði mátt fara á viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr...*

## Pátttaka

### Pátttaka í flugslysæfingunni Egilsstaðir 2015.

<u>Viðbragðseining</u>	<u>Áætluð pátttaka / Raunpátttaka</u>	<u>Ath.</u>	
Björgunarsveitin Bára	15-20	20 Föstud.2 bátar 6 menn	
Björgunarsveitin Brimrún			
Björgunarsveitin Eining			
Björgunarsveitin Geisli			
Björgunarsveitin Gerpir			
Björgunarsveitin Hérað			
Björgunarsveitin Ísólfur			
Björgunarsveitin Jökull			
Björgunarsveitin Sveinungi			
Björgunarsveitin Vopni			
Brunavarnir Austurlands	4-6	10	
Sjúkrabílar-Egilsstaðir			
Sjúkrabílar-Fjarðarbyggð			
Flugfélag Íslands Egilsstaðaflugvelli	3-4	4	
Heilbrigðis Stofnun Austurlands	13	13	
Isavia-Egilsstaðaflugvelli	16-18	17	
Landhelgisgæslan-pýrla	5	0	
Leikarar	30-50	34	+ 12 brúður
Lögreglan á Héraði	7-9	9	
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	2	2	
Rauði krossinn- Héraðs- og Borgafjarðardeildir	14-15	12	
Samráðshópur áfallahjálpar	?	4	
Sjúkrabílar-Seyðisfjörður	5	5	
Slökkvilið Fjarðarbyggðar			
Svæðisstjórn björgunarsveita	6	6	
Samhæfingarstöðin Skógarhlíð (SST)			
Tollverðir á Austurlandi			
Þjóðkirkjan	?	2	
		<b><u>140</u></b>	
Ráðgjafar-Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra	2	2	
Ráðgjafar-Landsspítalinn	1-2	1	
Ráðgjafar-Neyðarlínan	2	2	
Ráðgjafar-Rannsóknarnefnd samgönguslysa	1	1	
Ráðgjafar-Rauði kross Íslands	2-3	2	
Ráðgjafar-Landhelgisgæslan		0	
Ráðgjafar-Slysavarnarfélagið Landsbjörg	1	1	
Ráðgjafar-Isavia	9-10	10	
		<b><u>19</u></b>	
Gestir		21	
Fjölmiðlar		3	

Flugslysæfingin Egilsstaðir 2015 - Dagskrá



Fimmtudagur 7.mái

Föstudagur 8.mái

Laugardagur 9.mái

**Klukkan 10:00 – Boðunarprófun**

Allir á boðunarlista Neyðarlínunnar vegna flugslyss við Egilsstaðaflugvöll frá boð „Boðunarprófun-Neyðarstig-Rauður-Egilsstaðarflugvöllur-boðunarprófun-ekki þörf á svörum eða aðgerðum“).

Þið sem ekki fáið boð látið talsmann ykkar viðbragðshóps eða ráðgjafa frá Neyðarlínunni vita og hann kemur leiðréttingum áfram.

**Setning æfingarinnar**

Opin öllum þátttakendum

Staður: Grunnskólinn Egilsstöðum

Klukkan 19:30 til ca. kl 21:00

**Dagskrá:**

Æfingin sett. Umdæmisstjóri Isavia.

Jörundur Hilmar Ragnarsson

5 mín

Endurskoðuð flugslysáætlun og fjarskipti.

Ágúst Svansson-Almannavarnadeild

15 mín

Verkefni Rauðakrossins á flugslysæfingum.

Jón Brynjar Birgisson RÍKÍ

10mín

Af hverju flugslysæfingar-sófnunarsvæði-

akstur-SSS. Bjarni Sighvatsson Isavia

15mín

Rannsókn flugslysa og verndun gagna.

Ragnar Guðmundsson-RNSA

20mín

Aðgerðarvitund. Friðfínnur Freyr-Isavia

15mín

Björgunaræfing á Leginum. Kl.10:00-12:00

Fyrir Isavia menn og bátamenn björgunarsveita (mæta á flugvöll fyrir æfinguna)

Skrifborðsæfing Klukkan 15:00

Staðsetning: Grunnskólinn Egilsstöðum

Aðgerðarstjórn ,Vettvangsstjórn, Verkbáttastjórnar

Staður: „Sláturhúsið“.

Fundur með leikurum. Klukkan 19:00

Förðunarhópur, aðstoðarmenn. Klukkan 20:30

**Stöðufundur**

Opinn öllum þátttakendum

Staður: Grunnskólinn Egilsstöðum. Kl. 19:30 til 21:30

Dagskrá:

Handritæfingar-umgengi um sjúklinga, öryggi-ALVARA-

Gestadagskrá- Gangur/endir æfingar. Bjarni-Isavia 15mín

Tetra- áhersluatnið í notkun Ingólfur Haralds-112 10 mín

Aðgerðarstjóri kynnir störf aðgerðarstjórnar 10mín

Vettvangsstjóri kynnir störf/staðsetningu vettvangs-

stjórnar á æfingunni og annað sem skiptir máli. 10mín

Verkbáttastjórnar-skipulag verkbátta. 10mín

Umgengi um byrlur 15-20mín

Frá slystað í sjúkrahús. Áhersluatnið/Flæði slasaðra

í flugslysi. Guðrún Lísbet Landspítali 20 mín

**Förðun leikara**

Staður: „Sláturhúsið“

Klukkan 07:20

Eftir æfinguna verður pizzuveisla fyrir leikara og einnig verður frítt í sund fyrir Pá.

Flugslysæfingin hefst.

Kl. 10:00 (upb.)

Neyðarlínan boðar með SMS skilaboðum:

„Æfing-Egilsstaðarflugvöllur-Neyðarstig-land-rautt-Æfing“

Eftir æfinguna verður boðið upp á súpu í flugstöðinni .

**Frágangur tóla og tækja**

Fundur starfseininga og bráðabyrgða skýmslur gerðar fyrir rýnifundinn.

**Rýnifundur- Opinn öllum þátttakendum**

Staður: Grunnskólinn Egilsstöðum

Klukkan 15:00

**Dagskrá rýnifundar:**

1. Almenn um/átóra myndin
2. Aðgerðarstjóri
3. Starf vettvangsstjórnar
4. Leit og björgun
5. Sófnunarsvæði slasaðra
6. Lokanir/umferð/talning
7. Móttaka og flutningur
8. Aðstandendur/flóidahjálp
9. Störf flugvallarfólks
10. Fjarskipti/boðanir
11. Umræður
12. Næstu skref
13. Æfingu slítt



# Æfingarsvæðin - slysavettvangur



# Mönnun verkþátta

## Mönnun verkþátta á flugslýsaæfingunni - Egilsstaðir 2015

Verkþáttur	Kemur frá	Nafn	Netfang	Sími	Ráðgjafi	Netfang	Sími
Aðgerðastjórn - Lögregla	Lögregla Sveðsstaðir bj.sveita HSA - RKI Brunavarnir Austurlands	Inger L. Jónsdóttir Jónas Wilhelmsson Óskar Bjartmarz Guðjón Marinósson	inger.jonsdottir@logreglan.is jonasw@logreglan.is oskar.bjartmarz@logreglan.is		Ágúst Svansson	agust.svansson@rh.is	444-2616 843-1817
Vettvangsstjóri	Lögregla	Hjalti Bergmar Axelsson	hjalti.berg@logreglan.is		Fríðgerður Brynja Jónsdóttir	fridgerdur@logreglan.is	864-7663
Aðrir í vettvangsstjórn	Slökkvilið Björgunarsveit	David Örn Auðbergsson Þorsteinn Sigurðsson			Hjálmar Björgvinsson		
Björgunarsjóri	Brunavarnir Austurlands	Ingvar Ríkhartósson	ingvar.rikhartosson@isavia.is		Eðvald Lúðvíksson	edvald.ludviksson@isavia.is	899-2355
Aðstoðarmaður Björgunarsjóra	Isavia	Björn Jónsson	bjorn.jonsson@isavia.is	852-2102	Rúnar V. Þórmundsson Veigar P. Guðbjörnsson Óskar Karlsson Kristján Jóhannsson	runar.thormundsson@isavia.is veigar.gudbjornsson@isavia.is oskar.karlsson@isavia.is kristjan.johannsson@isavia.is	896-1644 899-5361 85-8-6024 894-2366
Flutningastjóri	Björgunarsveit	Sveinn Óskarsson	sveinn.oskarsson@alcoa.com	8437676	Guðbrandur Örn Arnarsson	brandur@landsbjorg.is	695-4555
Aðstoðarmaður Flutningastjóra	Björgunarsveit	Sigmar Daði Vilhjálmsson	sigmardad@gmail.com	847-8138	Frídrík Jónas Friðriksson		899-0693
Aðhynningsstjóri	Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA)	Guðbjörg Björnsdóttir	gudbjorg@hsa.is		Guðrún Lísbet Níelsdóttir	gudrunin@landspitali.is	825-3524
Aðstoðarmaður Aðhynningsstjóra	HSA	Guðmundur Guðmunds	immug@hsa.is				
Gæslustjóri	Lögreglan á Austurlandi	Þórhallur Árnason	thorhallur.arnason@logreglan.is		Fríðgerður Brynja Jónsdóttir	fridgerdur@logreglan.is	864-7663
Rannsókn vettvangs	Lögreglan á Austurlandi	Elvar Óskarsson Bjarni Bjarnason	elvar.oskarsson@logreglan.is bjarni.bjarnason@logreglan.is				
Tengiliður heimamanna við æfingastjórn	Lögreglan á Austurlandi	Hjalti B. Axelsson	hjalti.berg@logreglan.is	444-0640 899-2028			
Ráðgjafi-leikarasmjón	Isavia	Famey Halldóra Kristinsdóttir RKI austurl.	fameyk@redcross.is		Vigdís Ágnarsdóttir Jón Brynjár Birgisson Guðjón Svansson	vigdisa@ardakolil.is jon@redcross.is gudjon@redcross.is	894-9483 896-7288 892-0551
Þyrla	Landhelgisgæslan				Thorben Lund	thorben@lhg.is	84-0-2154
Neyðarlínan fjarskipti	Neyðarlínan				Ingólfur Haraldsson E. Iva B. Björnsdóttir	ingolfurh@112.is elva.bjornsdottir@112.is	895-1484 822-5443
Rannsókn flugslýsa	Rannsóknarnefnd samgönguslysa				Þorkell Ágústsson Guðmundsson	thorkell@rnf.is ragnar@msa.is	660-0333 660-0330
Gestaumjón	Isavia	Þorlákur S. Helgason	thorlatur.helgason@isavia.is		Þorlákur S. Helgason	thorlatur.helgason@isavia.is	847-4385
Umsjón fjölmíðla	Isavia				Guðni Sigurðsson	gudni.sigurdsson@isavia.is	822-7711
Æfingastjórn-æfingastj.	Isavia				Bjarni Sighvatsson	bjarni.sighvatsson@isavia.is	891-8012
Æfingastjórn	Almannavarnadeild				Ágúst Svansson	agust.svansson@hls.is	843-1817
Æfingastjórn	Isavia				Fríðfinnur Freyr Guðmundsson	fridfinnur.gudmundsson@isavia.is	862-7006



### Flugslysæfingin Egilsstaðir 2015.

#### Um framgang æfingarinnar.

##### **Almennt.**

Þessi flugslysæfing var með hefðbundnu sniði. Á fimmtudagsmorgun fór fram boðunaræfing en þá sendir Neyðarlínan út boð um flugslys á landi til allra skráðra viðbragðseininga. Tilgangurinn er að kanna hvort allir einstaklingar fái boð þannig að hægt sé að koma þeim einstaklingum sem ekki fá boð inn í kerfið. Um kvöldið var æfingin sett og í kjölfarið voru haldnar stuttar kynningar á efni sem varðaði æfinguna.

Á föstudagsmorguninn var haldin leitaræfing á Leginum. Síðdegis var svo haldin skrifborðsæfing og um kvöldið var stöðufundur með meira kynningarefni. Eldsnemma laugardags hófst svo förðun leikara, æfingin í kjölfarið, súpa eftir æfinguna og í framhaldi af því rýnifundur.

##### **Skrifborðsæfing.**

Að vanda var haldin skrifborðsæfing. Undanfarnar æfingar hefur aukin áhersla verið lögð á skrifborðsæfingar. Þær þykja góð aðferð til þess að undirbúa menn undir alvöruæfinguna. Verkbáttastjórar voru með stóra teiknimynd af Egilsstaðaflugvelli og fengu þeir legókubba og leikfangabíla sem táknuðu þær bjargir sem til staðar eru svo sem sjúkrabíla, björgunarsveitabíla, slökkvibíla og mannskap frá öllum viðbragðseiningum. Vettvangsstjórn og aðgerðastjórn voru í sínum starfsstöðvum og með fjarskiptum var reynt að líkja eftir væntanlegri æfingu bæði í stjórnun og fjarskiptum. Skrifborðsæfingar skipta miklu máli, bæði til þess að kenna stjórnendum, rifja það upp sem þeir hafa áður lært og taka hrollinn úr mönnum fyrir væntanlega flugslysæfingu.

##### **Þátttaka.**

Alls komu um eitt hundrað og sextíu manns að æfingunni. Þótt ég hafi ekki beinan tölulegan samanburð þá hef ég á tilfinningunni að þátttakendur hafi verið töluvert fleiri en á æfingunni 2009. Í lokaskýrslu seinustu æfingar kvartaði ég undan þátttöku björgunarsveita en hún var afleit og endurtek það núna en þakka þeim sem mættu fyrir þeirra framlag.

##### **Æfing á Leginum.**

Í ljósi þess að helsta aðflugsleið að Egilsstaðaflugvelli er yfir Lögin og að á vellinum eru viðbragðstæki til þess að bregðast við flugslysi á Leginum þá var ákveðið að blása til æfingar. Tveir viðbragðsbátar vallarins voru notaðir auk tveggja slöngubáta frá Björgunarsveitunum Jökli og Ísólf. Komust þær við illan leik þar sem snjóað hafði á heiðum og kostaði það festu og mikla fyrirhöfn jafnvel þótt þeir hafi verið á „alvöru“ bílum. Tólf brúðum var dreift um Lögin og í vindi, frosti og snjókomu var farið í tvö rennsli til björgunar sem tókst með ágætum í sannkölluðum vetraraðstæðum.

### **Veður.**

Á æfingunni árið 2009 var logn og tuttugu gráðu hiti og höfðum við aldrei kynnst öðru eins. Nú brá hinsvegar svo við að á fimmtu- og föstudeginum var vindur, frost og snjócoma. Æfingadaginn var vindur hægari, hitinn skreið yfir frostmark sá jafnvel til sólar. Leikarar voru varðir með svampdýnum, bóluplasti og teppum til varnar ofkælingu. Veðurfarslega slapp því æfingin fyrir horn en það er trú mín að því betra sem veðrið er á æfingum því betri verði æfingarnar og æfingagildið meira.

### **Handritið.**

Á öllum flugslysaæfingum er búið til handrit viðkomandi æfingar. Það upplýsir um stærð og tegund flugvélar, hvað vélin ber marga farþega og stundum hvort hættuleg efni séu um borð og síðar hver margir voru um borð. Þetta er ekki síst gert fyrir rannsóknarþáttinn en auðvitað getur það einnig gefið til kynna umfang slyssins að vita um tegund flugvélar.

### **Staðsetning.**

Í aðdraganda æfingarinnar var ljóst að nú vildum við ekki æfa í fjórða sinn á sama stað en allar æfingar vallarins hafa verið haldnar á norðurenda. Yfirgnæfandi fjöldi lendinga eiga sér stað yfir Löginn í landingarátt til norðurs. Aðstæður á suðurenda eru um margt ólíkar þeim sem eru á norðurenda og því ærin ástæða til að breyta til. Fórum við í könnunarferðir eftir nýja ljósaveginum til þess að skoða aðstæður við suðurendann. Vildum við meðal annars athuga hvort þarna væri hægt að halda æfingu án þess að eiga á hættu að valda tjóni á landinu. Varð niðurstaðan sú að það væri enginn vandi. En þvergirðingsháttur landeigandans kom í veg fyrir áform okkar og er það miður og einsdæmi í sögu flugslysaæfinga að landeigandi komi í veg fyrir að við getum náð fram æfingarlegum tilgangi.

### **Vettvangurinn.**

Ávallt er er reynt að setja slysavettvanginn þannig upp að hann sé verkefnalega ögrandi fyrir þá sem vinna að björgunar- og slökkvímálum á vettvangi. Í ljósi þess að við fengum ekki að setja vettvanginn upp út af suðurenda brautar þá var slyasvæðinu upp skipt á þrjá staði. Var þetta gert til þess að gera stjórnun erfiðari og dreifa björgum. Annars voru vettvangsverkefni að mestu hefðbundin eða slökkviverkefni, björgun úr flaki (klippuvinna), björgun fólks sem dreift var um vettvang og björgun fólks úr björgunarfleka sem hafður var í miðri ánni. Reynt var að sjá til þess að allir fengju nóg að gera.

### **Útkallið.**

Útkallið var með hefðbundnum hætti. Þegar eldar höfðu verið kveiktir var turnmanni gefið merki um upphaf æfingar. Hann kallaði til hjálps um viðbúnaðarkerfi flugstöðvar og í framhaldi af því óskaði hann eftir hjálps Neyðarlínunnar með Tetrafjarskiptum. Til stóð að æfingin hefðist um það bil um tíuleitið en í raun hófst hún rétt rúmlega ellefu. Aðalástæðan var seinkun á áætluarflugi. Þetta kom þó ekki niður á æfingunni.

### Gangur æfingarinnar.

Fyrir utan tafir við að hefja æfinguna þá gekk hún mjög vel. Vettvangurinn var viljandi hafður dreifður til að gera hana erfiðari. Stjórnun vettvangs gekk samt mjög vel og björgunarstjóri á vakt á vellinum hélt áfram að stjórna með björgunarstjóra Brunavarna á Austurlandi þegar hann tók yfir og virtust þeir ná góðum tókum á verkefninu. Slökkviþátturinn virtist ganga vel en viljandi hafði verið gengið svo frá að ekki væri hægt að koma monitor við í öllum verkefnum og að leggja þurfti brunaslöngur að eldsvettvangi. Björgunarlið dreifðist allvel um vettvanginn. Bráðaflokkun gekk vel, unnin af fagfólki Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Nokkurn tíma tók að koma flutningi slasaðra í gang eins og oft gerist í fyrsta fasa æfinga. Á söfnunarsvæði slasaðra var gott skipulag. Umferðastjórnun á rampi var til fyrirmyndar. Ummæli mín um æfinguna hljóta að vera jákvæð því þrátt fyrir að björgunarmenn skorti þá gengu hlutirnir í það heila mjög vel, samvinna var góð og árangurinn eftir því.

### Landhelgisgæslan.

Landhelgisgæslan ætlaði að senda þyrlu til þess að taka þátt í æfingunni en á seinustu stundu afboðuðu þeir vegna þess að þeir höfðu aðeins eins áhöfn og vildi yfirstjórn gæslunnar ekki binda hana við verkefni á meðan.

### Niðurstaða.

Á heildina litið var þetta æfing sem gekk mjög vel og var fagmannlega af hendi leyst. Það verkefni sem sett var upp var auðvitað ekki eins og ef alvara hefði verið á ferð. Svona æfing er eins og leikrit þar sem allir leikendur eru mættir í leikhúsið og því gefinn nokkuð ákveðinn tímarammi. Það endurspeglar ekki raunveruleikann enda ekki tilgangurinn, heldur að láta fólk vinna saman á „sviðinu“ við lausn verkefnis sem í eðli sínu væri yfirþyrmandi. Lausnaraðilar á æfingunni eru ekki að vinna saman að jafnaði en tilgangurinn er meðal annars að láta fólk vinna sameiginlega að björgun fólks og að láta kerfið ganga upp, verklega, fjarskiptalega og stjórnunarlega. Gangi það á slíkri æfingu er árangri náð, árangri sem nýst gæti í annarri vá sem upp kann að koma á svæðinu. Þátttakendum vil ég hrósa fyrir öguð og góð vinnubrögð og fyrir hönd ráðgjafa þakka ánægjulegt samstarf.

Bjarni Sighvatsson, æfingastjóri.

**Flugslýsaæfingin Egilsstaðir 09. Maí 2015  
- Skýrsla lausnaraðila.**

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Aðgerðarstjórn	Jónas Wilhelmsson Jensen, aðgerðarstjóri

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögreglan, Brunavarnir Austurlands, Svæðisstjórn björgunarsveita, fulltrúi Rauðakrossdeildar, fulltrúi HSA.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Aðgerðarstjórn

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
---

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Að mati aðgerðarstjórnar var undirbúningur æfingarinnar mjög góður og vandaður. Teljum að upplýsingagjöf og fræðsla hafi skilað sér vel til þátttakenda. Sérstaklega mikilvægt var að hafa skrifborðsæfinguna deginum fyrir æfinguna sjálfa.

Varðandi æfinguna sjálfa þá eru nokkur atriði, sem að rétt er að koma á framfæri.

1. Aðilar í aðgerðarstjórn höfðu ekki áður unnið saman í verkefni að undanskildum fulltrúa frá svæðisstjórn björgunarsveita og aðgerðarstjóra. Það kom ekki að sök og samstarfið gekk afar vel. Vantaði þó fjarskiptamann.
2. Fjarskiptaplanið virkaði mjög vel. Aldrei voru vandræði með samskipti á milli AST, VST og SST..
3. Það komu upp smávægilegir annmarkar á upplýsingaflæði innan aðgerðarstjórnar, sem greitt var úr með stöðufundi.
4. Vantaði upplýsingar um erlenda ríkisborgara, en AST fékk aldrei neinar upplýsingar um afdrif þeirra þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.
5. Æfingin sjálf var mjög vel skipulögð, og eiga þeir sem að því komu og þátttakendur bestu þakkir skildar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

--

## Aðgerðarstjóri

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það er ljóst að viðamikil æfing sem þessi krefst mikils undirbúnings allra sem að henni koma. Svo er að sjá að allar viðbragðseiningar hafi undirbúið sitt fólk ágætlega. Það er erfitt að taka einhver atriði sérstaklega fram en mitt mat er að æfingin hafi gengið afar vel og allir unnið skipulega og eftir sínu fyrirfram ákveðna skipulagi.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:



Ljós: GÖA

## Vettvangsstjóri

### Flugslýsaæfingin (Staður og dagsetning) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Vettvangsstjórn	Hjalti Bergmar Axelsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögreglan, Björgunarsveit, slökkvilið og ISAVIA

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í fundarherbergi ISAVIA í flugstöð

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:  Rauneðli útkalls var ekki nægjanlega mikið þar sem allir viðbragðsaðilar voru að hlusta á AV-AL2 strax í upphafi og því heyrðu þeir fyrstu samskipti flugvallaslökkviliðsmanna við flugturn og því varð upphaf útkallsins frekar óljóst.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Erfiðlega gekk að ná sambandi við aðhlyningarstjóra sem síðan reyndist vera búnaðarlegs eðlis, vantaði hlustun í eyra og heyrði ekki í fjarskiptum vegna hávaða á söfnunarsvæði.

Örlítill ruglingur varð þegar verið var að taka á móti sjúkraflugvélum til landingar en það var ekki stórvægilegt. Hinsvegar varð það svo þegar búið var að gera sjúkraflugvélarnar klárar til brottfarar þá fóru þær ekki af stað, yrði trúlega ekki þannig í rauninni enda ólíklegt að flugstjóri sitji og bíði og ekkert heyrast í honum.



### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Aðstaða til fundarhalda til fyrirmyndar og mjög vel staðið að undirbúningi og greinilegt að reynsla er til staðar við undirbúning þesskonar æfingar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Hópar sem að verkefninu komu þekktu hlutverk sitt vel og allir áfram um það að verkið / æfingin gengi vel. Ekki þurfti að skipa mönnum fyrir hverju og einu verki heldur höfðu menn frumkvæði til aðgerða í stað þess að sitja aðgerðarlausir.

Aðstaða fyrir VST í aðstöðu ISAVIA algjörlega til fyrirmyndar m.t.t. vinnutilhögunar og yfirsýnar. VST hafði aðgang að öryggismyndavélum á flugvelinum og gat því í rauntíma fylgst með öllu sem fram fór þrátt fyrir það að vera innandyra og þ.a.l. í kjöraðstöðu til að hafa yfirsýn yfir verkefnið.

Að mati vettvangsstjóra gekk æfingin í heild sinni mjög vel þá sinntu viðbragðsaðilar hlutverki sínu af mikilli fagmennsku þrátt fyrir að vera að vinna verkið talsvert undirmannaðir á mörgum stöðum. Á æfingunni komu upp raunveruleg óhöpp en hafði það ekki áhrif á fagmennsku og vinnu viðbragðsaðila.



## Flugslysaæfingin Egilsstaðir 9. maí 2015 - Skýrsla lausnaraðila.

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari/ar:</b>
Heilbrigðisstofnun Austurlands-Egilsstöðum	Guðbjörg Björnsdóttir Guðmundur Guðmundsson

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
Rauði krossinn, Isavia (flugvallarstarfsmenn), prestar

<b>3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
SSS

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</b>
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

**Undirbúningur** gekk vel. Það hefði mátt vera meiri þátttaka þeirra sem voru búnir að gefa kost á sér í æfinguna. Ástæðan helst sú að margt var um að vera.

**Helsta** vandamálið var skortur á mannafla á SSS, bæði og heilbrigðisstarfsfólki og öðrum.

**Skýrsluritarar** telja nauðsynlegt að heilbrigðisstarfsmenn séu settir yfir hvert svæði og hafi þar þá yfirsýn sem nauðsynleg er og forgangsraði sjúklingum út af svæðinu. Nýta má betur annað starfsfólk í áverkamatið, hljóti þeir viðeigandi þjálfun. Skortur var á flutningsgetu innan SSS.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

**Vandamál** kom upp í fjarskiptum, þar sem VST reyndi ítrekað á ná í aðhlygningarstjóra án árangurs. Farið var yfir hverju það sætti og teljum við ástæðuna helst vera skort á handfrjálsum búnaði. Þarf HSA að bæta úr því. Það varð einhver misskilningur í brottflutningi fyrsta sjúklings af SSS með flugi, við tilkynntum brottför hans en hann skilaði sér ekki í vélina.

**Einnig** bar á misskilningi varðandi komu flugvélar sem flytja átti slasaða til Reykjavíkur og misvísandi upplýsingum um flutningsgetu. Hugsanlega var það fjarskiptavandamál.

**Margt** virtist óljóst í getu sjúkrahúsa landsins til að taka á móti slösuðum.

**Afrifur** bráðaflokkunarspjalda voru illa eða ekki útfylltar.

## Aðhlyningarstjóri

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Æfingin sjálf gekk ágætlega. Uppsetning SSS gekk vel og útvegum búnaðar/heilbrigðisstarfólks.

Almennt gekk starfsemi SSS vel þrátt fyrir skort á starfsfólki.

Rauði krossinn stóð sig mjög vel. Góður hópur kom þaðan og nýttist mjög vel.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

## Flutningastjóri

Skýrsla frá flutningastjóra

Upphaf gekk vel nema hvað greiningasveitir voru faldar í sjúkrabílum og þeir aðeins mannaðir greiningarsveitum en ekki sjúkraflutninga mönnum.

Allir söfnuðust saman á réttum stað. Skráning fór illa af stað í fyrstu en svo náðist utan um hópinn.

Okkur vantaði fleiri bjagir og þá helst fleiri björgunarsveitarmenn og sjúkraflutninga bíla.

Samskipti við vettvangsstjórn voru góð, stundum brugðum við á það ráð að hafa bein samskipti við aðhlyningarstjóra sem voru mistök því þá vissi enginn í vettvangsstjórn að því.

Akstur var á stundum eins og í kappaksturshring en þegar mönnum var bent á það var það lagað. Þar sem um æfingu var að ræða gleymist einu sinni að senda flugvél af stað því hún sást ekki því það væri búið að setja sjúklinga í hana.

Kveðja Svenni.

### Flugslysaæfingin (Egilsstaðir- 7-9 maí) - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Björgunarsveitin Jökull Aðstoðarmaður flutningsstjóra	Sigmar Daði Viðarsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Björgunarsveitir, Lögregla, Isavia, Rauði Krossinn, HSA, Brunavarnir á Héraði,

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Fyrir utan söfnunarsvæði slasaðra

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Hefði mátt vera meiri þátttaka, bæði frá fleiri björgunarsveitum og HSA. Smá þvælingur á mér þar sem vantaði fulltrúa landsbjargar í vettvangsstjórn á skrifborðsæfingunni og var ég settur í það verkefni en sinnti starfi „aðstoðarmaður flutningsstjóra“ á laugardeginum og var því hálf týndur til að byrja með en allt gekk þetta fínt;).

Að mínu mati hefði HSA mátt skipuleggja sig betur. Það eru sex sjúkraflutningamenn í þessum kjarna hjá HSA.

Einn var Aðhlyningarstjóri

Einn var aðstoðarmaður Aðhlyningarstjóra

Tveir vinna hjá slökkviliðinu og voru með þeim

Og svo tveir á sitthvorum sjúkrabílum.

Þetta var til þess að sjúkraflutningur gekk ekki nógu vel.

Hefði viljað sjá mikið fleiri lækna og hjúkrunarfræðinga að störfum á söfnunarsvæði slasaðra.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Sjúkraflutningurinn hefði mátt ganga betur og samskipti aðhlyningarstjóra voru mjög slæm.

Finnst það eigi að vera skylda, já og er orðinn skylda hjá Landsbjörg að hafa headset á talstöðinni. Ekki bara fyrir mann sjálfan heldur eru oft viðkvæmar upplýsingar á ferðinni sem menn vilja ekki að fari út í almenning. svo fyrir utan það að geta þá notað hendurnar í staðinn að vera með talstöðvar í báðum höndum.

## Aðstoðarmaður flutningastjóra

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Algjörlega frábært að halda þessar skrifborðsæfingar. Var aðhlyningarstjóri á Vopnafirði fyrir 2 árum og fór á skrifborðsæfinguna þar og fannst þetta algjör snilld og margborgaði sig að taka þátt í henni.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Bátæfingin var alveg geggjuð og ákváðum við eftir þessa æfingu að björgunarsveitin Jökull og ISAVIA EGS flugvelli að halda léttu æfingu á fljótinu 1x í mánuði;



Ljósmynd: GS/FFG



### Lögreglan á Austurlandi

## Flugslysaæfing á Egilsstaðaflugvelli 9. maí 2015. - Gæslustjóri.

### Skýrsla:

Gæslustjóri stjórnar og samhafir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi. Verkefni Gæslustjóra:

- 1. Lokun svæða:** Innri lokun, slyssaður og hættusvæði, Ytri lokun, vettvangurinn.
- 2. Verndun svæða:** Vettvangur og einstök starfssvæði, verndun látinna, verndun rannsóknarvettvangs, gæsla á landingarsvæðum, verndun á öðrum starfssvæðum.
- 3. Umferðarskipulag:** Skipulag umferðar innan innri lokunar, lokanir, almenn umferð og umferð til og frá SSS
- 4. Talning:** Talning og flæði þolenda.

Talning/Skráning: Talning og staðsetning þolenda í slysinu. Hafa yfirsýn um hvar þolendur eru á hverjum tíma. Gæslustjóri eða fulltrúi hans sér um að taka saman tölur frá talninga póstum og upplýsa VST (verkefnastjórn) um fjölda og staðsetningu.

Undirritaður var gæslustjóri á umræddri flugslysaæfingu og hafði fimm lögreglumenn og tvo tollverði sér til halds og trausts sem tóku þátt í ýmsum verkefnum sem tilheyra undir gæslustjórn.

Haldinn var stuttur fundur með þessum aðilum og þeir settir í hlutverk/verkefni stuttu áður en æfingin byrjaði og ýmis atriði er varðar verndun, gæslu, talningu og umferðarstjórn og fleira rædd. Mikil áhersla var lögð á að talningu þolenda inn og út af söfnunarsvæði slasaðra (SSS) og að afrifa greiningarspjalds yrði tekin í vörslu lögreglunnar við brottför. Þetta skipti máli þegar á reyndi og allir tóku æfingunni af mikilli alvöru. Samskipti á Tetra gengu vel fyrir sig bæði á meðal allra sem tilheyrðu undir gæslustjóra og einnig samskipti hans við vettvangsstjórn.

Æfingin gekk mjög vel fyrir að flestu leyti og engar sérstakar upptakomur er varða gæslustjórn komu upp á utan að tveir lögreglumenn á lögreglubifreið fóru út á lokaða flugbraut en það kom ekki að sök þegar á reyndi. Einnig má geta þess að lögreglumaður á SSS kvartaði yfir miklum umferðarhraða ökumanna sjúkrabifreiða þegar þeir komu að söfnunarsvæðinu.

### Gæslustjóri vill koma að eftirfarandi athugasemdum:

Björgunarsveitarmaður frá flutningsstjóra skilaði sér aldrei í móttökuhlíð (MÓTT), þannig að lögreglumaður var þar einn nánast allan tímann. Þessu var komið til flutningsstjóra sem sagðist ekki hafa meiri mannskap.

Það hefði verið nauðsynlegt að fá björgunarsveitarmenn víða af Austurlandi til að taka þátt í þessari flugslysaæfingu enda tók undirritaður eftir því að verulega vantaði mannskap til að sinna slösuðum og leita að þolendum slyssins sem voru á víð og dreif á stórum vettvangi. Við fundum nokkra þolendur sem voru búnir að liggja allt of lengi án þess að nokkur tæki eftir þeim. Þessu var komið til björgunarstjóra.

Að öðru leyti var æfingin frábær, skemmtileg og lærdómsrík.

Virðingarfyllt,

Þórhallur Árnason, varðstjóri.



Ljós: GS/FFG

### Flugslysaæfingin EGS 2015

Þegar við hjá Brunavörnum á Héraði mættum á svæðið voru Isavia menn að mestu búnir að slökkva eld sem logaði við miðja braut. Þar hittumst við, björgunarstjóri Isavia, Björn Jónsson og undirritaður. Þar var mér afhentur vettvangur og fórum við yfir stöðuna. Við ákváðum strax að hann yrði minn aðstoðarmaður og að við myndum stjórna þessu saman. Björn tjáði mér að það loguðu eldar við öryggissvæði á brautarenda 22, og þar væru Isavia menn að störfum en vantaði aðstoð, sendum þangað tvo slökkviliðsmenn með tankbíl, sem reyndar komu ekki alveg strax, því að bæði tankbíllinn og körfubíllinn frá okkur voru stoppaðir af á biðsvæði fyrir bjargir. Einnig tjáði Björn mér að það væru tveir slysstaðurinn væri tvískiptur, við Eyvindaá þar sem þyrfti klippur. Þangað voru strax sendir frá Brunavörnum fimm menn til að sinna öðrum vettvanginum. En þar á meðal var okkar reyndasti slökkviliðsmaður og var honum falið að vera yfir þeim hópi. Strax á eftir koma svo sameiginlegt lið slökkviliðs Fjarðarbyggðar og slökkviliðs Seyðisfjarða. Þeir voru sex og þar stjórnaðu sameiginlega varðstjóri frá Fjarðarbyggð og varðstjóri frá Seyðisfirði. Þegar slysstaður hafði verið tryggður þá var farið að kalla á aðrar bjargir, greiningarfólk og flutningslið. Og þá byrjaði ballið í fjarskiptum, allir að kalla í einu og ekki nokkur leið að komast að. Við tókum þá þá ákvörðun að ég var í sambandi við vettvangsstjórn og Björn var á vinnurásinni. Ef við hefðum ekki gert þetta hefðu öll samskipti hjá okkur farið í rugl, nóg var samt. Það kom oft fyrir að þegar ég var að reyna að ná sambandi við vettvangsstjórn að ég þurfti að bíða, að mér fannst í óratíma, til að komast að. Ég held að æfingin hafi gengið í stórum dráttum vel, flutningur á fólki fór hægt af stað en þegar þeir byrjuðu gekk það hratt fyrir sig. Það gekk vel að slökkva elda og að tryggja vettvanga. Í heild góð æfing sem gekk vel, þrátt fyrir hnökra í fjarskiptum. Mér fannst líka koma vel í ljós að það er vonlaust fyrir einn mann að stjórna svona vettvangi, maður hefur í nógu að snúast bara að fylgjast með fjarskipum og að reyna að hafa yfirsýn yfir heildar myndina, því var það mjög gott að hafa björgunarstjóra Isavia sér við hlið, hann sá um samskiptin við vinnuhópana. Við vikum varla hvor frá öðrum allan tímann, og vorum við sammála um að í reynd væri þetta fyrirkomulag það sem yrði notað þegar í alvöruna væri komið. Að lokum vil ég þakka öllum sem að æfingunni komu fyrir samstarfið og skemmtilega æfingu.

Ingvar Ríkhartsson, varðstjóri Brunavarna á Héraði.



## Rauði krossinn

### **Punktur Rauða krossins vegna flugslysæfingar á EGS 9.maí 2015.**

Hjúkrunarfræðingur sem kom með rauðakrosshópin var ekki merktur sem slíkur. Aðhlyningarstjóri gæti þurft að eiga til vesti/merkingar fyrir slík tilvik.

Tetraupplýsingar frá lögreglu heyrðist í rýminu þar sem flugmennirnir voru, sem er óheppilegt fyrir rannsókn málsins. Rauði krossinn var heldur ekki með handfrjálstan búnað, þurfum að útvega slíkt.

Hefðum þurft að taka frá og fara með í annað rými eða sitja yfir grænan sjúkling sem var að trufla.

Hugsanlega hefði þurft fleiri sjálfbóðaliðar á græna svæðinu, þar þarf meiri eftirfylgni meðal annars vegna þess að grænn sjúklingur getur breyst í gulan.

Gott hefði verið að vera með hjúkrunarfræðing sem væri alltaf á græna svæðinu.

Ekki var tekið eftir að grænn sjúklingur var með krampaflog.

Ekki var vitað að erlendur einstaklingur var í græna hópnum. Það var hugsanlega þó æfingalegt atriði, þar sem þessi einstaklingur talaði og fór eftir fyrir mælum á íslensku og enginn áttaði sig því á að hún var að leika útlending.

Hefðum átt að láta aðgerðastjórn vita þegar bættist einn sjálfbóðaliði í hópnum þegar liðið var á æfingunni. Líka gleymdist að láta merkja þennan einstakling með Rauðakrossvesti.

Muna þarf að kynna sjálfan sig við Tetrasamskipti.

Óskað var eftir Rauðakrossfólk í bráðaflokkun á slysstað, en ekki reyndist mikil þörf þegar þangað var komið.

Enginn sjúklingur var með brunasár, þótt eldur væri í flakinu. Voru brunasár vangreind eða bara ekki förðuð slík sár?

Æfa þarf að tækni við að bera sjúklinga. Bakveikir eiga ekki að fást við slíkt, en gætu séð um að finna einhvern annan í verkið.

Eitthvert óöryggi var hjá sumum við skráningu á áverkamati, það hefði þurft að skoða skráningaspjöldin betur fyrir æfingu.

Stundum var sjúklingurinn skoðaður of vandlega við fyrsta skoðun.

Rauðakrossfólk hefði getað séð um áverkamat sjálft, ekki er þörf á að fá lækni/hjúkrunarfræðing í öll tilvik.

Svolítið kaos var í lokinn á græna svæðinu, ekki var ljóst hvort sjúklingar voru í raun farnir af svæðinu eða ekki.

Flytja hefði mátt græna sjúklinga á Norðfjörð fyrr.

Á flestum stöðvum vantaði fólk. Þörf hefði verið á fleiri sjálfbóðaliðum.

**Fyrir hönd Rauða krossins, Johanna Henriksson**

## EGS 2015 - Skýrsla lausnaraðila-RNSA

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari/ar:</b>
Rannsókn	Þorkell Ágústsson

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
RNSA (Rannsóknarnefnd samgönguslysa) og Lögregla

<b>3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
Úti um allt

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</b>
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Útkallssímtal 112 og flugturns til RNSA var ekki í samræmi við flugslysaáætlun.
- RNSA rannsakendur notuðu allnokkurn tíma í að koma sér í samband við vettvangsstjórn og fara til hennar til að biðja um heimild til að fara inn á vettvang og koma sér í samband við björgunarstjóra. Þetta hefur alltaf verið gert svona, en nú eftir með TETRA væðingu RNSA hefði verið mun fljótlegra að nota fjarskiptaplan flugslysaæfingarinnar til þess að hafa samband við vettvangsstjórn og síðan björgunarstjóra.
- Ekki gekk að „patch-a“ rannsóknarlögglumenn inn á TETRA vinnurás RNSA. RNSA hefur nú sérstaka rás til samskipta. Hugmyndin var að hafa samband við 112 þegar til útkalls kemur og gefa sérstökum Tetra stöðvum lögreglu, samband við Tetra stöðvar RNSA. Haft var samband við 112 á æfingunni til þess að tengja þessar stöðvar (Patch-a). Almenn símsvörun 112 gat ekki gert þetta og gaf samband við vaktstjóra 112. Vaktstjóri tók tíma í að reyna þetta en án árangurs. Vaktstjóri áframflutti þá símtal RNSA til samhæfingarstöðvar (ef rétt er munað) sem svaraði ekki símtalinu og var þá ákveðið að gefa ekki meiri tíma í þetta. Þar af leiðandi voru takmörkuð TETRA samskipti á milli rannsókn lögreglu og RNSA. Í þeim tilfellum sem lögregla og RNSA áttu samskiptum með TETRA var gerð athugasemd og aðilar vinsamlegast beðnir um að finna sér aðra rás. Samskipti fóru því áfram í gegnum síma eða með því að hittast. Dæmi um hnökra þessu samhengi er að á æfingunni kom í ljós að lögregla og RNSA þurfti að ræða atriði sem ekki var ráðlegt að ræða í síma og var stefnt að því að hittast í flugstöðvarbyggingu. Það náðist hinsvegar ekki en örugg TETRA samskipti hefðu leyst þetta.

## Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA)-rannsóknarþáttur

- Þegar RNSA kom á vettvang tók rannsakandi eftir því hvar björgunaraðili var á gangi og hélt á flugrita. Björgunaraðili var inntur eftir því hvort ritinn hefði verið á landi eða í vatni og tók rannsakandi RNSA við flugritanum. Betra hefði verið að láta lögreglu og/eða RNSA vita þegar hann fannst og þá með upplýsingum um staðsetningu hans.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- Finna þarf lausn á því hvernig patch-a (sam tengja) megi lögreglu inn á TETRA rás RNSA

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Skipulagning æfingar – Skipulag og undirbúningur var góður og meiri áskorun að fást við svo dreifðan vettvang sem raun bar vitni.
- Samskipti við lögreglu – Lögregla gaf RNSA mjög ítarlegar upplýsingar um vettvang við komu rannsakanda inn á vettvanginn. Lögregla veitti góða aðstoð á vettvangi og var vann að fagmennsku – Vinnubrögð til fyrirmyndar.
- Afhending á vettvangi til RNSA – Afhending vettvangs frá björgunaraðila til RNSA, þ.e. þegar öllum hafði verið bjargað, fór fram með formlegum hætti en þetta er atriði sem oft gleymist.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- Úrlausn rannsóknar



Ljós: GS/FFG

**Flugslysaæfingin EGS 2015- Skýrsla lausnaraðila.**

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Uppsetning slysavettvangs og æfingu í fljótinu.	Eðvald Lúðvíksson. Rúnar Þórmundsson. Veigar Þ Guðbjörnsson. Óskar Karlsson. Kristján Jóhannesson.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Ráðgjafar Isavia og Flugvallarþjónustu menn á Egilstöðum.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Vorum á slysavettvangi og í og við fljótið.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

**Flugvallarþjónustumenn:**

Fyrri æfing sem var á fljótinu. Flugvallarþjónustumenn komu mjög einbeittir til verks, sjósettu bátana og fóru út á fljótið og fóru strax að leita. Menn komu ekki með hlífðargleraugu í fyrri ferðina og eins mættu vera betri hanskar á sumum göllunum og gallar virtust passa illa á suma menn. Það þarf að bæta inni stærðum á göllum sem passa vel á menn.

Björgunarsveitin Jökull frá Seyðisfirði fóru á sýnum tveim bátum, erfilega gekk að gangsetja annan bátinn hjá þeim en hafðist að lokum, það sýndi okkur að fara megi oftar yfir bátana (athugunarlisti).

**Flugvallarþjónustumenn:**

Sjálf æfingin á laugardeginum.

Hópur 1 kom að fyrri eldinum og gekk vel að leggja slöngur. Óhapp varð þegar hleypt var vatni á greinistykki sem var opið og maður fékk greinistykkið í hökuna en hann slasaðist ekki. Það vantaði smá samæfingu í hleypta vatni frá bíl á slöngur. Það kemur með æfingu og svo var tekið eftir því að menn notuðu ekki reykköfunartæk. Sá sem slasaðist var með reykköfunartæki en aðrir ekki. Það vantar nauðsynlega vara loftkúta fyrir þessi tæki sem eru á flugvallarslökkvibílum.

Hópur 2 kom að seinni eldinum og lögðu þeir tvær fæðulagnir en kannski hefðu átt að leggja eina því þeir voru bara tveir.

Svo kom í ljós að enginn froða kom út úr bílnum vegna bilunar þó svo allir mælur og gaumljós segðu annað. Það er spurning hvort þessi slökkvibifreið sé nægilega oft athuguð t.d. hvort kranar og froða virka. Ekki voru notuð reykköfunartæki.

Flugþjónustumenn komu á pick-up hann er með rúmlega 300l vatnstank og F-500 slökkviefni í brúsa. Áttu þeir að slökkva eld sem logaði í fyrsta flakinu en það virkaði ekki sem skildi. Seinna var hann notaður í að slökkva eld í einu flaki og fór það á

sama veg. Þetta efni á að vera mjög gott. Blandari sem blandar efninu við vatnið var bilaður en þá settu þeir efnið úti tankinn. Þetta verður endilega að laga. Þeir notuðu ekki reykköfunartæki.

**Brunavarnir Austurlands:**

Þeir komu og sáu um klippivettvang 1 og gekk það nokkuð vel, eina að einum sjúklingurinn sem lá fyrir utan flakið var ekki nægilega vel sinnt. Það þarf að vera með einn mann sem sér sértaklega um sjúklinga sem liggja utan við flök. Þessir menn hjálpuðu við að slökkva í einu bílhræi sem eldur kom upp í. Þeir eru með slökkviefni sem heitir F-500 og virtist það ekki virka sem skildi eins og á bílnum frá flugvellinum. Þeir notuðu ekki reykköfunartæki.

**Slökkvilið Fjarðarbyggðar:**

Þeir komu og sáu um klippivettvang 2 það gekk aðeins hægar hjá þeim vegna þess að þeir eru með klippibúnað fyrir stóriðju sem eru ekki eins meðfærilegur og búnaður hjá Brunavörnum Austurlands, en þeir höfðu það að lokum. Í báðum flökunum var hlúð vel að sjúklingunum sem voru inni flökunum. Þeir slöktu svo í bílflakinu sem logaði í, og þeir notuðu reykköfunartæki.

Það kemur berlega í ljós eins og alltaf að fjarskipti virka ekki sem skildi. Alltof margir að tala í einu, og þeir sem voru að sinna sjúklingum verða að vera með hlustun í eyra svo það trufli ekki sjúklinga sem er verið að hlúa að.

**Björgunarstjórar:**

Björgunarstjóri flugvallarins byrjaði að skipuleggja aðgerðir og gekk það vel fyrir sig. Björgunarstjóri Brunavarna Austurlands tók svo við þegar hann kom og unnu þeir saman. Björgunarstjórnir hefðu mátt vera staðsettir á einum stað með yfirsýn yfir báða vettvanga og það vantaði nauðsynlega „gátlista“ með helstu atriðum sem menn verða að hafa í huga í svona stóru slysi, þessi „gátlisti“ er til.

Miðað við heildina gekk þetta mjög vel hjá þeim, einkum og sér í lagi að þetta var þeirra fyrsta stóra slys hjá þeim báðum og lofa þeir góðu báðir tveir. Það var erfitt að setja einn mann yfir klippuvettvang vegna fjarskipta erfileika.

Bjargir og greiningarsveit komu frekar seint en þegar þetta var komið í lag fóru hlutirnir að ganga mjög vel.



## Ráðgjafar björgunarstjóra

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fyrri dagur æfingar sem var á Leginum gekk mjög vel og var fagmannlega unnin af þeim sem tóku þátt í henni.

Seinni dagur æfingar á laugardeginum gekk mjög vel, flugvallarþjónustumenn unnu fumlaust og eru í góðri æfingu. Það varð að koma bát út í á og ná í sjúklinga sem voru í bát þar og gekk það mjög vel fyrir sig.

Björgunarstjórnir tveir unnu mjög vel saman.

Brunavarnir Egilstaða tóku að sér annan klippuvettvangi og gekk það vel.

Slökkvilið Fjarðarbyggðar tóku að sér hinn klippuvettvanginn og gekk það vel.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Björgunarsveitir komu á vettvang og unnu ötullega á vettvangi við hlið slökkviliðsmanna.

Heilbrigðisstarfsmenn mættu á svæðið og voru að bráðaflokka og gekk það vel og fumlaust fyrir sig.

Lögregla var á svæðinu og var hún fagmannleg í sýnum aðgerðum.



Ljósmynd: GÖA

## Flugslysaæfing á Egilsstaðaflugvelli 9. Maí 2015

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Aðgerðastjórn AST	Ágúst Svansson AVD

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögreglan, björgunarsveitir, fulltrúi almannavarnarnefndar (slökkvilið), fulltrúi heilbrigðisstofnun Austurlands RKI

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í AST í Björgunarmiðstöð að Miðási 1, Egilsstöðum.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Markvissari kennslu vantar fyrir aðgerðastjórn í stjórnun aðgerða, SÁBF og aðgerðagrunn almannavarna.

Skrifborðsæfingin fyrir æfinguna hjálpaði nokkuð til fyrir aðgerðastjórn til að skilja betur hlutverk sín.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Það vantar betri þjálfun aðgerðastjórnar, aðilar í henni eru t.d. að vinna í fyrsta skipti saman. Þarf betri sína á SÁBF

Það hefði þurft að hafa tvo til viðbótar í aðgerðastjórn til að ná betur utanum verkefnið.

Aðgerðastjóri var of upptekinn í fjarskiptasambandi við SST

Ekki var notað sérstakt fjarskiptaherbergi í aðstöðu AST og það vantaði mannskap.

## Ráðgjafi aðgerðarstjórnar

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Í heildina var undirbúningur nokkuð góður og í föstum skorðum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Aðgerðastjóri var fljótur að setja í hlutverk, áætlanir, bjargir, framkvæmdir og skráningu.

Allir í aðgerðastjórn skildu hlutverk sitt nokkuð vel, en þó vantar upp á reynslu þjálfun í aðgerðastjórnun.

Allir í aðgerðastjórn höfuð mikinn áhuga á að láta verkefnið ganga upp og sýndu það í verki.

Aðstaða AST er nokkuð góð.



Ljósni: GÖA



### Skýrsla ráðgjafa-flutningastjóra

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Flutningastjóri	Guðbrandur Örn Arnarson Friðrik Jónas Friðriksson

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
Flutningsstjórinn kom frá Svæðisstjórn björgunarsveita

<b>3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
Með verkþáttastjóranum og aðstoðarmanni hans.

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</b>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: <b>Mögulega</b> hefði mátt skipuleggja betur aðkomu- og brottfararleiðir þar sem farið er fyrir tvö kröpp „blindbeygjuhorn“ og þar gæti mögulega skapast árekstrarhætta þegar adrenalínið er komið í blóðið. <b>Vegna</b> staðsetningar á MÓT var gæslan inn á svæðið ekki beint aðgengileg flutningastjóra. <b>Kannski</b> mætti hugsa aðkomuleiðir þannig að gæsla og flutningastjóri væru sýnilegir hvorum öðrum og að inn og útkeyrsluleiðir væru ekki fyrir blindhorn.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

<b>Hraðakstur</b> á biðsvæðinu var áberandi – aggressíft keyrt. <b>Það</b> væri góð hugmynd að setja upp kassa með Rite-In-The-Rain skrifbókum og blýöntum sem hægt væri að grípa í neyðartilvikum og staðsetja þannig að verkþáttastjórar gætu gripið með sér á starfsstöðvar. Kostnaður í lágmarki en mikill ávinningur. Gæti verið í „glerkassa“ á vegg sem mætti brjóta í neyð. <b>Þar</b> sem flutningsstjóri er líklega aldrei fyrstur á staðinn vantar talningu á þeim björgum sem fara beint á vettvang innan flugvallarsvæðis og t.d. sjúkrabílum sem eru komnir inn áður en flutningsstjórinn mætir. <b>Tryggja</b> þarf að allir séu með handfrjálсан búnað á Tetra og sérstaklega verkþáttastjórnarnir.
--

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.</b>
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: Undirbúningur hlutaðeigandi var mjög góður og þekktu þeir verksvið sitt mjög vel.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Flutningsstjórinn og hans aðstoðarmaður stóðu sig með mikilli þryði og gengu í öll verk af röggsemi.
--

## Skýrsla ráðgjafa

### Flugslysæfing Egilsstaðaflugvelli 09.05.2015

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Gæslustjóri	Friðgerður Brynja Jónsdóttir - AVD

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Lögreglan og aðstoðarmenn

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Úti á vettvangi og inni á SSS vegna talningar

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Gæslustjóri og hans aðstoðarmenn undirbjuggu sig vel fyrir æfinguna. Skrifborðsæfingin hjálpaði til við undirbúning. Gæslustjóri var búinn að setja fólk í hlutverk fyrir æfinguna og gekk það vel upp.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Gæslustjóri og hans aðstoðarmenn gerðu þetta mjög vel. Lokuðu vettvangi og sinntu talningu inn og út af SSS mjög vel.
---

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel</u> .
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
Gæslustjóri og hans aðstoðarmenn sáu um lokun á vettvangi og gerðu það mjög vel, skráðu alla inn og út af slysavettvangi. Vel var passað upp á talningu inn og út af SSS.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Í heildina gekk mjög vel hjá Gæslustjóra, virtist vera með sitt hlutverk alveg á hreinu, og sama má segja um aðstoðarmenn hans. Allt gekk snurðulaust fyrir sig.
--

## Skýrsla ráðgjafa

### Flugslysaæfing Egilsstaðaflugvöllur 09.05.2015

<b>1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Vettvangsstjórn VST	Friðgerður Br. Jónsdóttir AVD

#### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögreglan 3 menn, 1 aðili frá Brunavörnum, 1 aðili frá björgunarsveitinni Hérað og einn aðili frá Isavia

#### 3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í vettvangsstjórn sem staðsett var í Flugstöðvarbyggingunni, í rými sem er á vegum ISAVIA

#### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skrifborðsæfing hjálpaði mikið til fyrir æfinguna sjálfa, menn voru búnir að setja í hlutverk áður en æfingin byrjaði, allur sem voru í vettvangsstjórn vissu alveg hvert hlutverk hvers og eins var.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

#### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur fyrir æfingu sjálfa virtist hafa skilað sér mjög vel til allra í VST.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Allir í VST unnu mjög vel saman og vissu alveg hvert þeirra hlutverk vel. Skiluðu verkefninu mjög vel af sér.

## Flugslysaæfing EGS 2013 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Ráðgjafi Rauða krossins	Guðjón Svansson Jón Brynjar Birgisson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Rauði krossinn

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Söfnunarsvæði slasaðra og skrifborðsæfing í Rauða kross húsinu á Egilsstöðum um söfnunarsvæði aðstandenda.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

SSS: Okkar fólk var vel búið undir hefðbundin hlutverk RKÍ en við hefðum getað og munum næst leggja enn meiri áherslu á að búa fólk undir að sinna hlutverkum sem ekki eru skilgreind sérstaklega sem RKÍ hlutverk. Dæmi: Bráðaflokkun á vettvangi, skráning á spjöld, burður á slösuðum.

SSA: Þekking á starfsemi SSA er ekki mikil. Byggja þarf upp náið samstarf þeirra sem sinna áfallahjálpar og sálfélagslegum stuðningi á Austurlandi. Rauði krossinn þarf að koma fræðslu um SSA inn í námsefni sitt fyrir áfallateymi og samráðshópa áfallahjálpar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Hefði verið gott að vita fyrir æfinguna að það yrði líklega/mjög líklega skortur á björgunarsveitarmönnum/öðrum sem venjulega sinna bráðaflokkun, skráningu og burði þannig að við hefðum getað undirbúið okkur enn betur.

Tillaga að úrbótum: Erfitt að segja. Veit að 35 björgunarsveitarmenn höfðu meldað sig en 15 mættu. Spurning að hamra á því við þá sem stýra sveitunum á staðnum að það sé afar mikilvægt að vita með fyrirvara hvað margir koma – sérstaklega ef færri en búist er við.

Annars er þetta ekki stórmál. Við munum grípa boltann, gera okkar fólk enn betur undirbúið til að sinna þeim verkefnum sem þarf að sinna, hverjum svo sem þau tilheyra. Við erum ein heild, eigum að geta gengið í önnur störf.

## Ráðgjafar Rauða krossins

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Við fengum marga öfluga sjálfboðaliða á æfinguna. Undirbúningur gekk mjög vel. Við vorum sjálfir með stutta og hnitmiðaða fræðslu fyrir okkar fólk kvöldið fyrir æfinguna og fengum líka Guðrúnu Lísbet frá LSH og Ingólf frá 112 sem gestakennara. Þau fóru yfir bráðaflokkunina/útfyllingu á spjöldum annars vegar og notkun Tetra hinsvegar. Heppnaðist mjög vel og við munum nota svipað módel næst, fara þó enn dýpra í spjöldin og bráðaflokkunina.

Undirbúningsfundirnir fyrir alla viðbragðsaðila voru góðir, menn skýrir og stutturðir yfirleitt sem er kostur.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Okkar fólk fór strax í nokkur hlutverk – tvær í að sinna sjúklingum á rauða svæðinu, 2-3 að taka á móti slösuðum á græna svæðinu og hinir 10 voru klárir í ýmis verkefni (sálrænn stuðningur, skráning á spjöld, oþh). Við vorum ánægðir með hópinn, lítil reynsla af æfingum, en það var ekki að sjá.

Almennt gekk æfingin vel að okkar mati, þó alltaf megi fínpússa og bæta. Viðbragsaðilar virtust vinna vel saman, samskipti gengu að mestu vel og menn leystu öll mikilvægustu verkefnin.

SSA: Farið var vel í gegnum helstu þætti sem þarf að hafa í huga í sálfélagslegum stuðningi í kjölfar mjög alvarlegra atburða. Unnið var út frá tímaramma þar sem skilgreint var hverju þurfi að sinna á hverjum tímavætti.



Ljósni: GÖA

### Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Tetra - Neyðarlínan	Ingólfur Haraldsson

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
Fjarskipti

<b>3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
VST

<b>4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.</b>
---

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

**Viðbrögð** við Alvara-Alvara-Alvara eru ekki markviss. Það vita allir hvað þetta þýðir en enginn veit hvað á að gera. Tilkynningin kom á talhópi ráðgjafa en ekki fyrr en seinna á talhópum viðbragðsaðila.

**Tillaga:** Gera áætlun um viðbragð við Alvöru-tilkynningum og að þeir aðilar sem þess þurfa, hafi hlutverk.

Hvar endaði æfingin, það virtist ekki vera á hreinu.

Þegar þyrfa átti að vera að koma inn til lendingar var öll umferð bönnuð sem ætti að vera óþarfi.

**Tillaga:** Skilgreina (t.d. mála H) lendingastað fyrir þyrlur við flugstöðina.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

**Á meðan** að æfingunni stóð var fylgst með álagi á Tetra fjarskiptakerfið. Ekki komu upp nein tilvik um yfirálag á sendum. Hins vegar kom upp að álag á einstaka talhópa og þá sérstaklega AV-AL2 væri of mikið. Á meðfylgjandi línuriti sést að langflestir eða yfir 30 voru að jafnaði tengdir á AV-AL2. Samkvæmt skipulaginu ætti svo ekki að vera.

**Gæti þetta** hafa aukið við mikið álag, sem er nóg þegar, á VST og verkþáttastjóra. Í gögnunum sést einnig að ein stöð var stillt á AV-NL2 sem ekki var í notkun.

**Gögnin** sýna einnig að talhópurinn AV-2 er ekki notaður.

**Ekki** eru allir viðbragðsaðilar að nota sama fjarskiptakerfið. Slökkviliðið er að nota VHF á vettvangi sem gerir samhæfingu með öðrum viðbragðsaðilum erfiðari.

**Mjög** mikilvægt er að fjarskiptaleiðir séu skýrar í áætluninni. Á bls. 86 í áætluninni er tekið fram með litlum stöfum að fjarskipti innan verkþátta sé ákveðið eftir aðstæðum (TETRA og VHF) en á öllum myndum sem fylgja á eftir er aðeins talað um TETRA vinnurásir.


**Tillaga:**

- 1- Skýra betur hverjir eiga að vera á hvaða talhópi. Sérstaklega að þeir sem vinni undir verkþáttastjóra séu á vinnutalhópi en ekki á talhópi sem ætlaður er til samskipta á milli VST og verkþáttastjóra. (undirritaður tekur það til sýn og mun bæta fyrir næstu æfingu).
- 2- Að allar viðbragðseiningar geri talstöðvaprófun áður en lagt er af stað og það sé alltaf hluti af viðbragðinu.

## Ráðgjafi fjarskipta - Neyðarlínan

- 3- Til þess að einfalda fjarskiptaskipulagið fyrir Aðhlyningarstjóra er lagt til að hætt verði að gera ráð fyrir samskiptum í gegnum talstöð á SSS. Það sýnir sig að samskiptin á SSS eru maður á mann en ekki í gegnum talstöð. Einnig gerir núverandi skipulag ráð fyrir því að Aðhlyningarstjóri sé með þrjár talstöðvar sem gengur ekki upp í framkvæmd.
- 4- Mikilvægt er að allir viðbragðsaðilar noti sama fjarskiptakerfið til þess að auðvelda samhæfingu.
- 5- Skipulag fjarskipta verði gert skýrara þannig að hver viðbragðseining viti nákvæmlega hvaða samskiptaleiðir eigi að nota og hvenær. Ef möguleiki er á að það skipulagið sé ekki það sama í hvert skipti, ættu þá að vera til plan A og plan B t.d.

### Fjöldi stöðva á talhópi



#### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Samskipti við starfsfólk Isavia og Almannavarnardeild RLS voru til fyrirmyndar í aðdraganda æfingarinnar. Áætlanir og skipulag stóðust.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Framkvæmdin gekk vel og viðbragðsaðilar unnu vel saman. Heildarskipulagið gekk upp og þolendur hugsanlegs slyss ætti að fá bestu mögulega þjónustu.

## RNSA – uppsetning og eftirlit

<b>1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Rannsókn	Ragnar Guðmundsson

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
RNSA og Lögregla

<b>3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
Úti um allt (hengdi mig á rannsakendur RNSA og lögreglu)

### **4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.**

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- 1.Útkallssímtal 112 og flugturns til RNSA samkvæmt flugslysaáætlun klikkaði
- 2.RNSA rannsakendur notuðu allnokkurn tíma í að koma sér í samband við vettvangsstjórn og fara til hennar til að biðja um heimild til að fara inn á vettvang og koma sér í samband við björgunarstjóra. Þetta hefur alltaf verið gert svona, en nú eftir með TETRA væðingu RNSA hefði verið mun fljótlegra að nota fjarskiptaplan flugslysaæfingarinnar til þess að hafa samband við vettvangsstjórn og síðan björgunarstjóra.
- 3.Ekki gekk að „patch-a“ rannsóknarlögreglumenn inn á TETRA vinnurás RNSA. Tetra sérfræðingar 112 höfðu sagt RNSA áður að þetta væri hægt, en ekki tókst að láta 112 framkvæma það á æfingunni þar sem vaktmenn hjá 112 vissu ekki hvernig átti að leysa það. Þar af leiðandi voru engin TETRA samskipti á milli rannsóknarmanna lögreglu og RNSA og fóru samskiptin í staðinn fram í gegnum síma eða til auglitis
- 4.Hreyft var við flugrita þegar hann fannst í stað þess að láta RNSA bara vita hvar hann væri fundinn
- 5.Stefnt var að vinnufundi milli lögreglu og RNSA rannsakenda á æfingu til að yfirfara stöðuna, en þeir náðu ekki saman. Terta samskipti á vinnurás (gekk ekki) hefðu leyst þetta.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

- 1.RNSA nota TETRA til að koma sér fljótt í samband við vettvangsstjórn/björgunarstjóra/lögreglu
- 2.Finna þarf lausn á því hvernig patch-a megi lögreglu inn á TETRA rás RNSA

### **4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

4. Skipulagning æfingar
5. Samskipti við lögreglu
6. Afhending á vettvangi til RNSA

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

6. Úrlausn rannsóknar



## Flugslysæfing Egilsstöðum 2015 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Leikarar og förðun	Vigdís Agnarsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
ISAVIA ohf.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Í Leikaramiðstöð, á vettvangi og í SSS.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<p>Markmið var sett að ná 50 leikurum fyrir æfinguna en aðeins 31 leikari mætti á laugardagsmorgun, stór hluti af leikurum kom frá Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði og Neskaupsstað. Þurfum að skoða fyrir næstu æfingu hvernig hægt er að fá fleiri heimamenn til að taka þátt sem leikarar.</p> <p>Betra samstarf við þá sem settu upp vettvang, hefðu þurft að hitta mig kvöldið áður og teikna betur upp vettvang og ákveða hvar og hvernig við ætluðum að koma sjúklingum fyrir á vettvangi, eins og til dæmis ákveða í sameiningu hversu marga við ætluðum að setja inn í klippuverkefni.</p>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

<p>Einn leikari upplifði það við klippuvinnu að þar sem hann lá mjög nálægt bílflakinu og var ekki færður, þá var bæði sparkað í hann og stigið ofan á hann þar sem menn voru við klippuvinnuna. Hefði verið gott að færa viðkomandi aðeins fjær.</p>
---



Ljósm: BS

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Leikaramiðstöð var í „Sláturhúsinu“ sem er menningar og félagsmiðstöð á Egilsstöðum. Aðstaðan var ágæt og vel hugsað um okkur. Lentum reyndar í því að verið var að opna listasýningu á laugardeginum en þetta slapp.

Förðunin á æfingunni var í höndum ungs fólks úr unglिंगadeildum SL sem mætti á förðunarkynningu kvöldið áður og tveggja kvenna, Guðrúnar frá Neskaupsstað og Evu frá Egilsstöðum. Þau stóðu sig öll eins og hetjur og gerðu þetta mjög vel. Guðrún og Eva aðstoðuðu við eftirlit með leikurum.

Þrátt fyrir að komið hafi verið fram í miðjan maí var vetur á Egilsstöðum og snjór, kuldi og vindur gerðu okkur erfitt fyrir. Ákveðið var að allir leikarar sem þyrftu að liggja úti færu með einangrunardýnur og teppi eða bóluplast með sér. Líklegt má telja að að þetta hafi komið í veg fyrir vandamál vegna ofkælingar á þessari æfingu.

Æfingin gekk mjög vel varðandi leikara, engin teljandi vandamál komu upp hjá leikurum. Þau báru björgunarmönnum flestum vel söguna og sögðu að það hefði í flestum tilfellum verið farið vel með þau og útskýrt hvað væri verið að gera.

Pizza-veisla var í boði eftir æfingu og þar náði ég að funda með flestum leikurum þannig að þau náðu að koma sínum athugasemdum á framfæri.

**Takk fyrir okkur.**

**Vigdís Agnarsdóttir**

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis



Ljósni: BS

Flugslýsaæfing á Egilsstöðum 9.maí 2015 Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Ráðgjafi aðhlyningarstjóra Aðhlyning og flokkun slasaðra	Guðrún Lísbet Níelsdóttir-Landspítali
. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni	
Heilbrigðisstarfsfólk, RKÍ, björgunarsveitir	
3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?	
Á vettvangi og á SSS	
4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.	

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Við aðkomu greiningarsveita á vettvang var mikið af fólki á svæðinu (ráðgjafar, gestir o.fl.), truflaði björgunaraðila þar sem erfitt að ná yfirsýn hverjir voru sjúklingar og hverjir voru áhorfendur og hversu dreifður vettvangurinn var. Keyrðu t.d. framhjá nokkrum sjúklingum áður en sjúkrabíll stoppaði. Æfingalegs eðlis.

Prestur mætti á SSS eftir að hafa fengið sms-boðun, þrátt fyrir að samráðshópur áfallahjálpar væri með sína æfingu í skólanum. Hans kraftar voru þá nýttir við andlega aðhlyningu grænna sjúklinga á SSS.

Ekki fullkomið samræmi milli AST og SST um fjölda legurýma á landsvísu. Ruglaði aðeins aðhlyningarstjóra en þetta er þó líklega æfingarlegs eðlis.

Einhver misskilningur varð vegna flutnings úr héraði, voru flugvélar farnar eða ekki? Æfingalegs eðlis.

Það vantaði sárlega fólk í aðhlyningu á SSS þegar fór að fjölga sjúklingum þar. Við svona stóran atburð myndi líklega alltaf vanta hendur en áberandi var skortur á heilbrigðisstarfsfólki. Þetta tel ég algjörlega æfingalegs eðlis enda var æfingin var afar vel sótt af heilbrigðisstarfsfólki. Róttin af þessu liggur í því að 6 heilbrigðisstarfsmenn sinntu störfum á vettvangi, við bráðflokun. Þau hefðu getað úthlutað þessum verkum til annarra aðila, en ákváðu að gera það ekki. Í raunverulegum aðstæðum hefði e.t.v. verið ráðlegt að gera það en hvað varðar æfinguna þá held ég að það, að sinna þessu sjálf, hafi haft gríðarlega mikið æfingalegt gildi fyrir þessa einstaklinga og aukið aðstæðuvitund þeirra og skilning á ferlinu til muna og verið gæfuspor til lengri tíma litið. Mikilvægt er þó að ítreka það við heilbrigðisstarfsfólk að hafa það í huga að aðrir aðilar geta einnig sinnt þessu verki ef krafta þeirra er meiri þörf annars staðar.

Tvær útgáfur af flugslýsaáætlun fyrir Egilsstaðaflugvöll eru inni á heimasíðu Almannavarna. Þetta olli misskilningi og mistökum á skrifborðsæfingunni.

## Ráðgjafi aðhlyningarstjóra/aðhlyning og flokkun slasaðra

### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Lítið um umönnun sjúklinga á vettvangi til að byrja með, fólk var upptekið af sínu hlutverki, hvort sem var að slökkva eld, klippa bíla o.s.frv. Leystist fljótlega úr þessu.

Tölur úr bráðaflokkun frá greiningarsveitum skiluðu sér illa í gegnum kerfið, hefur með fjarskipti á vettvangi að gera.

Vettvangsstjórn kvartaði undan því að samskipti við aðhlyningarstjóra hefðu ekki verið nógu góð né nógu mikil. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða. Ljóst er að þær upplýsingar sem vettvangsstjórn talaði um að sér hefðu ekki borist eru þær upplýsingar sem fóru um talhópinn Av-Heilsug\_1, þ.e. Aðhlyningarstjóri-AST-SST. Þessi talhópur var mjög vel nýttur á æfingunni og sambandið milli AST og aðhlyningarstjóra verður að hafa talist mjög gott. Vettvangsstjórn er hins vegar ekki inni í þessar lykkju og því fara upplýsingar sem fara þarna um framhjá þeim. Þetta getur því valdið skerðingu á aðstæðuvitund þeirra sem sitja í vettvangsstjórn. Þarf að skoða þetta, spurning hvort vettvangsstjórn þyrfti hreinlega að hafa hlustun á talhópnum, eða í það minnsta gera sér grein fyrir því að aðhlyningarstjóri er mikið að nota þessa leið til að miðla upplýsingum og óska eftir sérhæfðum björgum.

Heilbrigðisstarfsfólk gekk heldur langt í mati á áverkum í anddyri á tímabili, voru farin að gera secondary survey og myndaðist flöskuháls. Leystist þó úr þessu þegar fleiri starfsfólk kom á svæðið.

Sjúkrabílar voru ekki nógu vel nýttir, sjúkraflutningamenn voru að sinna bráðaflokkun, hefði þurft að skipa bílstjóra í sjúkrabíl strax í upphafi. Eins var það að valda vandamálum að björgunarsveitamenn kunnu ekki á börurnar í sjúkrabílunum. Þetta er atriði sem auðvelt er að laga og mikill hagur er í.

Mikil umferð var um anddyri SSS, eins og við er að búast, og stóð opið inn. Þetta er auðvitað eðlilegt, þarna er manneskju ætlað að standa allan tímann og telja inn og björgunaraðilar að koma og fara í sífellu. Þetta gerði það þó að verkum að það var orðið ansi kalt á rauða og gula svæðinu og kuldi hefur afar neikvæð áhrif á traumasjúklinga, sérstaklega þá sem eru alvarlega slasaðir. Þetta þarf að skoða betur.

Ekki var fyllt út í afrifur áverkamats upplýsingar um afdrif sjúklinga. Þegar átti að leita í þessar upplýsingar við uppgjör æfingar voru þær ekki til staðar.

#### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

##### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Góð þátttaka í æfingunni, sérstaklega heilbrigðisstarfsfólk. Fræðsla vel sótt og mikill áhugi á málefnum.

Aðstæður voru ansi erfiðar, kalt á vettvangi. Vel var hugsað hvað þetta varðar um sjúklinga og bóluplastið var mjög gagnlegt.

Þátttakendur æfingar tóku „leikritið“ alla leið, tóku púls og öndun á vettvangi og lífsmörk á SSS.

## Ráðgjafi aðhlyningarstjóra/aðhlyning og flokkun slasaðra

Flugvallarstarfsmaður bauð fram aðstoð sína og hjálpaði við tilfallandi verk, mjög góð aðstoð.

### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Öguð vinnubrögð voru á vettvangi og gengið var hreint til verks.

Gekk vel að koma upp aðstöðu á SSS.

Ekki var beðið eftir að bráðaflokkun á vettvangi væri lokið áður en byrjað var að flytja sjúklinga inn á SSS enda ekki eftir neinu að bíða, virkilega ánægjulegt að sjá þetta.

Aðhlyningarstjórar stóðu sig mjög vel, bæði tvö. Héldu góðri yfirsýn á SSS og þeirra samstarf var mjög gott.

Vel var passað upp á framkvæmd áverkamats, allir sjúklingar fengu áverkamat við komu á SSS.

Mikið áreiti á aðhlyningarstjóra frá samstarfsaðilum á SSS, margir að koma með upplýsingar um smáatriði til þeirra. Það hljómar kannski kjánalega að setja þetta undir „það sem gekk vel“ en það er ekki á öllum æfingum sem maður verður var við þetta og ég held að í raunverulegum aðstæðum yrði þetta ALLTAF svona. Sýnir að fólk var að leggja sig 100% fram í það sem það var að gera. Samskipti milli fólks á SSS voru annars góð, fólk var verbal, óskaði skýrt og greinilega eftir aðstoð þegar til þurfti á að halda.

Kraftur RKÍ nýttist afar vel á SSS, stóðu sig mjög vel í því sem þau voru að gera.

Afar vel að verki var staðið við talningu inn og út af SSS. Ósanngjörn gagnrýni á lögreglumann í talningu inn á svæðið á rýnifundi í kjölfar æfingar. Þar var talað um að hann hafi kyrrsett fólk sem ekki var með áverkamat á sér, þangað til þau fengu slík, og að þetta hefði verið óþarfi. Þetta er lýsandi fyrir það hversu mikið fólk vanmetur talninguna og mikilvægi hennar, þessir sjúklingarnir hefðu án efa týnst í fjöldanum og talningin hefði þurft að gjalda fyrir það. Maður verður hreinlega að vera svolítið „anal“ þegar maður er settur í þessa stöðu og mér fannst hann standa sig af stakri þryði. Enda kom það á daginn að talningin stemmdi, sem verður að teljast afrek út af fyrir sig. Eins voru allar afrifur af áverkamati fjarlægðar áður en sjúklingarnir fóru út af SSS.

Samstarf talningar og aðhlyningarstjóra var einnig mjög gott. Það vill oft verða þannig að flöskuháls myndast í inngangi SSS þegar verið er að taka niður auðkenni og vissulega var það líka þannig en alveg með minnsta móti.

### Rýnifundur haldinn í barnaskólanum skömmu eftir æfingu.

#### Æfingastjóri.

Bjarni Sighvatsson. Æfingin gekk vel sagði BS og afar ánægður með æfinguna. Telur hana hafa verið enn betri en þá síðustu og sýnilegt að þó nokkrir búi að þeirri reynslu sem þeir fengu af henni. Þessi æfing er ekki keppni um tíma heldur um samvinnu viðbragðsaðila sem eru sjaldan allir að vinna saman og að fá þá meðal annars til þess að fara út fyrir daglega ramman við að leysa verkefni sem ekki eru á þeirra daglega verkefnalista. Það tókst með ágætum.

#### Aðgerðastjóri.

Jónas Vilhelmsson yfirlögregluþjónn og aðgerðastjóri á æfingunni.

AST vantaði fjarskiptafólk

Vinnan gekk fínt, samvinnan góð og góð samskipti við VST og SST.

Hafa ekki unnið mikið saman og það sýndi sig.

Hefðu getað pantað flutninga úr héraði fyrr.

Þakkar kærlega fyrir sig ánægður með undirbúning og ráðgjafa.

#### Vettvangsstjóri.

Hjalti B. Axelsson.

Fannst hlutirnir ganga vel og betur en síðast.

Aðstaða VST afar góð hjá Isavia með myndavélakerfi og tölvu aðgengi og nóg pláss betra en að vera inn í bíl.

Vantaði að fá upplýsingar frá greiningarsveitum og fengu þær ekki fyrr en þær voru sóttar.

Fjarskipti við aðhlynningarstjóra gengu ekki nógu vel.

Allir unnu vel saman í VST.

Góð skráning í VST.

Allir fundust og aðgerðin gekk vel.

#### Björgunarstjórar.

Björn Jónsson Isavia / Ingvar Ríkhartsson Brunavarnir á Austurlandi.

Björn byrjaði sem björgunarstjóri.

Finnst fjarskipti vera of mikil fyrst í stað, vantaði að hópar færu á aðra talhópa.

Ingvari fannst æfingin ganga vel en fjarskiptin ekki nógu góð og talning.

Voru ekki nógu hreyfanlegir á ákveðnum tíma en svo fór þetta að ganga betur.

Annars ánægðir með útkomuna

### **Gæslustjóri.**

Þórólfur Árnason gæslustjóri.

Aðili frá björgunarsveitum sem átti að fara í MÓT skilaði sér ekki.

Umferð gekk greiðlega á SLY.

Fjarskipti gengu vel fyrir sig.

Gekk erfiðlega á stundum að fá samband við björgunarstjóra, sennilega vegna álags.

Smá hnökrar viðlokun brautar ekkert alvarlegt en „pappírsvél“ þurfti að hætta við lendingu vegna bíls á braut.

Talning gekk vel. Vegna misskilnings í látnum við skráningu voru farþegar fleiri en farþegalisti sagði en ekki vitað frekar hvernig það kom til.

Þakkar fyrir fannst æfingin góð.

### **Flutningsstjóri. Sveinn Óskarsson-Bj. Ísólfi Seyðisfirði.**

Allar bjargir komnar sem er ekki eins og í raunveruleikanum.

Flutningar fannst honum ganga hægt sendi mikið út en ekkert kom til baka.

Bílstjórar björgunarbíla og sjúkrabíla festust í verkefnum og á stundum vantaði öikumenn til að flytja sjúklinga. Hefðum þurft að ákveða betur með öikumenn.

Fjarskipti gengu vel.

Sumir óku allt of hratt og það verður að passa, ekki skapa auka hættu með hraðakstri.

Við vorum hlaupandi í hin ýmsu verkefni því ekki dugar að segja að þetta sé „mitt“ verkefni.

Annars sáttur.

### **Fulltrúi rauðakrossins. Fanney Halldóra Kristinsdóttir.**

Komu á SSS og hluti hópsins fór að aðstoða við flokkun en aðrir að aðstoða á græna svæðinu.

Má bæta samskipti við VST. Við gleymdum að láta vita að það bættist við hópinn okkar þegar á leið.

Gleymdist að láta vita að um erlendur farþegi var í hópnum.

Sjúkraliði í röðum RK má merkja sem slíkan.

Hluti af okkar fólki fór í bráðaflokkun á SLY en kom aftur því sú vinna var í gangi af öðrum.

Smá kaos með þá sem luku leik og fóru ekki beint út í rútu.

## Rýnifundur í lok æfingar

### **Aðhlyningarstjóri. Guðbjörg Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur.**

Fannst þetta ganga ágætlega. Mikið áreiti, mikið að gera og mikið af fólki. Það gekk hægt fyrst að fá inn sjúklinga en svo kom þetta allt í einu og það vantaði fleiri vinnandi hendur. Þarf að hafa ábyrgan lækni yfir öllu svæðum gula, rauða og græna.

**Guðmundur Guðmundsson** sjúkraflutningsmaður varaðstoðarmaður aðhlyningarstjóra:

Vantaði vantaði búnað í eyra til að geta sinnt fjarskiptum.

Við létum flutningastjóra vita um allar einstaklinga út af SSS. Hefðum átt að koma upplýsingum til VST.

Upplýsingar um flutningsgetu og móttökugetu sjúkrahúsa voru misvísandi. AST gaf einar tölur og svo aðrar frá SST.

Stóra hurðin inn úr komusalnum er teiknuð lokuð á korti en þarf að vera opin til að auðvelda flutning milli svæða.

Tvær greiningarsveitir biðu eitthvað eftir að fá að fara inn á vettvang spurning hvort það var of lengi.

Það þarf ekki endilega að vera heilbrigðisfólk sem bráðagreininir á vettvangi. Það getur eins verið framkvæmt af Rauðakross fólki eða og björgunarsveitarfólki en það fólk þarf að læra framkvæmd greiningar.

### **Starfsmenn Isavia. Þórhallur Borgarsson á fyrir starfsmenn Isavia**

Útkallið gekk snurðulaust og vinnan gekk vel fyrir sig. Við vorum búnir að skipta með okkur verkum.

Froða kom ekki úr bílnum þegar á reyndi.

Gæta að orðalagi í fjarskiptum (aðgát skal höfð í nærveru sálar). Tölum ekki upphátt um „dauða“ heldur „svarta“.

Afar sáttur við framgang æfingarinnar. „þetta ver gaman og þetta var spennandi og við lærðum helling“.

### **Orðið laust.**

#### **Eyjólfur læknir á heilsugæslunni.**

Takk fyrir daginn. Æfingin var fræðandi og upplýsandi. Það vantaði björgunarsveitarmenn á SSS meðal annars til burðar.

#### **Eiríkur sjúkraflutningamaður.**

Fannst vanta að fólk væri fjarlæggt úr flökum eftir að greiningarsveit hafði metið ástand þeirra.

#### **Vigdís Isavia.**

Sjúklingar stóðu sig vel. En eru með skilaboð

„Rauður“ sjúklingur lá þétt upp við bíl, en hún var ekki færð áður en byrjað var að vinna við bílinn. Auðvitað átti að flytja hana frá og TRYGGJA öryggi.

Grænn með krampa sem ekki var sinnt fyrr en eftir um 10 mín.



## Rýnifundur í lok æfingar

Annars sátt við þjónustuna sem þau fengu og þeir sem voru góðir að leika fengu gott viðmót og leik á mót.

Ungur sjúklingur (10 ára) er afar sáttur við daginn.

Fannst skrítið að það var verið að teyma græna fram og til baka. Þolendur sem eru ekki með spjöld þurftu hugsanlega aðhlynningu þrátt fyrir að vera ekki með spjöld. Hafa það í huga.

### **Eðvald Lúðvíksson, Isavia.**

Þakkar fyrir starfsmönnum vallarins sérstaklega vel fyrir góða aðstoð við uppsetningu vettvangs. Þakkar öllum ánægjuleg samskipti og fyrir góða æfingu.

### **Lilja Rut læknir í greiningasveit.**

Vantaði að númera greiningasveitirnar sem voru þrjár til aðgreiningar í fjarskiptum.

Hefðu viljað vera í björgunarsveitarbíl því þau komast meira um í þeim en sjúkrabílum.

### **Guðbrandur Örn-ráðgjafi Landsbjörg.**

Mikil fagmennska.

Of hratt ekið verðum að tóna okkur niður.

Vantaði persónubúnað eins og hjálma mjög mikilvægt.

Það á enginn að vera með fjarskipti opin. Þau eiga að vera í eyra hvers notanda.

### **Kjartan B. formaður bjsv.Hérað.**

Gekk mjög vel. Það stóðu sig allir frábærlega

Varðandi vöntun á björgunarsveitarfólki. Við erum tiltölulega fá og það er kallað eftir okkur hægri vinstri í aðgerðum sem þessar en við komumst ekki yfir allt sem beðið er um auk þess sem við eru ekki sérfræðingar á öllum sviðum svo sem bráðagreiningu.

Hægagangurinn í morgun er eðlilegur þar sem eru fáir á vettvangi og margir sjúklingar. Vantaði bjargir, börur og annað á ákveðnum tíma og björgunar kerrurnar (vallarin) voru þá notaðar og þá gekk þetta betur fyrir sig. Sáttur og fannst þetta ganga rosalega vel.

### **Pétur Læknir HSA var í AST.**

Lærdómsríkt að vera í AST og takk fyrir frábæra æfingu.

Hugsanlegt að virkja fleira HSA fólk í næstu æfingu, góð mæting frá EGS en ekki var virkjað annarsstaðar. Telur hugsanlega að styrkur svæðisins sé vanmetin. Telur að ef til vil megi dreifa grænum og jafnvel einhverjum gulum fyrir af SSS til að létta álagi. Þakkar ánægjulega og góða æfingu.

### **Baldur Pálsson- Slökkviliðsstjóri.**

Bylting á uppsetningu VST, afar ánægður með það.

**Spurt** úr sal um hvort ekki mætti vera víðari boðun til dæmis björgunarsveitir.

### **Bjarni Sighvatsson, æfingastjóri.**

Í flugslysaáætluninni er útkallslisti Neyðarlínunnar. Þar koma fram nöfn allra þeirra viðbragðsaðila sem boðaðir til aðgerða eru komi til flugslyss. Öllum þessum aðilum var send kynning og boð um þátttöku með góðum fyrirvara. Hver og ein viðbragðseining verður að svara fyrir sig um mætingu.

### **Guðjón Sigurðsson-bjsv.Ísólfur.**

Menn eru uppteknir en er að fá boð og mundu koma í raunveruleikanum. Það líta allir til björgunarsveitanna í þessum aðgerðum en það vantar alltaf fólk. Þakkar fyrir góða æfingu.

**ALVARA** ALVARA. Spurning úr sal.

**BS** skýrði atburðina sem voru tveir en aðeins annar var raunverulegur. Virkaði sæmilega til að stöðva æfinganna.

### **Talningastjóri.**

Vildi hafa spjöld við höndina þau voru öll tekin á vettvang en það þurfa að vera spjöld á á SSS. Greiningaspjöldin voru sett á sjúklinga sem síðan var pakkað inn í teppi og stundum nokkur ekki auðvelt að komast að greiningarspjöldunum.

Björgunarsveitarmenn á sjúkrabílunum kunnu ekki að losa sjúklinga úr sjúkrabílunum og kunnu ekki á börurnar. Menn óku að jafnaði full hratt. Flott æfing takk fyrir okkur.

### **Óskar Karlsson- Isavia ráðgjafi.**

Þakkar samstarfið og móttökurnar.

Klippibíll frá Héraði unnu afar vel mikil fagmennska í klippivinnu gengu vel frá flakinu og unnu afar vel.

Slökkviliðsmenn frá Reyðarfirði gengu hreint til verks afar ánægður með alla björgunarvinnu á vettvangi.

Seint var farið með sjúklinga á vettvangi segja sumir en það var verið að sinna flestum og það tekur tíma. Afar ánægður með æfinguna.

### **Kjartan B. formaður björgunarsveitarinnar Hérað.**

Leggur til að haldin sé lítil æfing á hverju ári. Æfa það sem betur mátti fara.

### **Ragnar Guðmundsson-RNSA.**

Sagði frá hlutverki RNSA (Rannsóknarnefnd samgönguslysa).

Ekki reyndist hægt að tengja saman rannsakendur sem voru á mismunandi Tetratalhópum.

En æfingin gekk vel og ég þakka fyrir samstarfið.

## Rýnifundur í lok æfingar

### Bjarni Sighvatsson-æfingastjóri.

Hugsum okkur æfinguna alla setta inn í hring og skiptum hringnum í tvennt. Í öðrum helmingi hringins eru öll þau mistök sem gerð voru. Rangar ákvarðanir, fjarskipti sem fóru úrskeiðis, misskilningur hverskonar og annað sem úrskeiðis fór. Í hinum helmingi hringins eru tólf látnir og þrjátíu og einn á lífi. Þrjátíu og einn sem var bjargað og komið á söfnunarsvæði og áfram á sjúkrahús. Beinum athygli okkar frá mistakahlutanum sem flest voru æfingalegs eðlis og fögnum hvel vel tókst til með það sem mestu máli skipti, en það er að bjarga svona mörgum á jafn faglegan hátt og raun bar vitni.

### Inger S. Jónsdóttir-lögreglustjóri Austurlands.

**Þakkar öllum þeim sem þátt tóku í æfingunni kærlega fyrir framlag þeirra og sérstaklega þó sjálfboðaliðum fyrir þeirra þátt. Tilgangurinn með æfingunni hafi verið að sannreyna það skipulag sem lagt er upp með til björgunar mannlífa. Margt hefði lærst af æfingunni og nú þyrfti að skoða það sem aflaga hefði farið og bæta. Frábær dagur og ánægjulegt að vinna með ykkur öllum. Hafið þakkir fyrir. Æfingunni er slitið.**

## Samantekt ábendinga úr skýrslum

### Samantekt helstu rýnipunkta sem fram koma í skýrslum æfingarinnar.


Rýnipunktur	Tillaga að úrbótum	Eigandi	Mikilvægi
Ekki hugað að sjúklingi við bíflak og jafnvel gengið á honum	Æfingalegs eðlis en brýna þarf fyrir slökkviliðs-mönnum að missa ekki sýn á tilgang björgunar.	Allir sem stunda björgun	Gult
Rauðakross kona með hjúkrunarfræði menntun ekki merkt sem slík	Í viðamiklum aðgerðum þekja ekki „allir alla“. Hver og einn er ábyrgur fyrir skýrum merkingum	Allir sem koma að aðgerð sem þessari	Grænt
Óöryggi við skráningu áverkamats	Þjálfun og meiri þjálfun	Allir sem meta	Gult
Fólk talaði í talstöð á þess að kynna sig	Þjálfun-allir eiga að kynna og kvitta í fjarskiptum	Allir sem tala í talstöðvar	Grænt
Viðkvæmar upplýsingar heyrðust úr talstöð	Allir noti handfrjálstan búnað. Menn heyra líka betur þannig	Allir sem tala í talstöðvar	Grænt
Setja heilbrigðisstarfsmenn yfir hvert svæði á SSS	Setja inn í gátlista HSA þar sem þeir stjórna SSS	HSA	Grænt
Skortur á mannskap á SSS	Æfingalegs eðlis og myndi líklega ekki verða í raunveruleika	Allir viðbragðs-aðilar	Grænt
Óvissa með getu sjúkrahúsa til móttöku slasaðra	SST á að vera með slík mál á hreinu	HSA	Grænt
Afrifur bráðaflokkunarspjalda illa útfylltar	Æfingarlegs eðlis-æfa,æfa	Allir sem bráðaflokka	Grænt

## Samantekt ábendinga úr skýrslum

Rýnipunktur	Tillaga að úrbótum	Eigandi	Mikilvægi
Sjúkraflutningur gekk illa. Sjúkrafl.menn í greiningu og öðru	Æfingarlegs eðlis. Ræðst af mannskap hverju sinni	Vettvangs-stjórn	Grænt
Mikið var um hraðakstur	Æfingarþjálfunarlegs eðlis.	Allir bílstjórar	Rautt
Sumir sjúklingar lágu of lengi á jörðinni	Æfingarlegs eðlis og skortur á björgunarmönnum	Þeir sem ekki mættu	Gult
Skortur á persónuhlífum á vatnaæfingu	Vel búinn maður er líklegri til að ná árangri og úthaldi	Allir báta menn	Rautt
Ekki notuðu allir reykköfunartæki við slökkvistörf	Drepanði reykur og hættuleg efni kalla á að allir sem vinna að slökkvistörfum noti reykköfunartæki	Allir slökkviliðsmenn	Rautt
Froða og slökkvimiðill komu ekki úr slökkvibílum	Algjört grundvallaratriði við flugvélaeld. Það verður að koma upp tékki á virkni	Brunavarnir á Austurlandi + Isavia	Rautt
Notkun á SÁBF/stjórnun ekki nægjanlega virk	Auka þjálfun og kennslu og halda skrifborðsæfingar	Lögreglan	Rautt
Aðgerðastjóri of upptekinn í fjarskiptum	Aðgerðastjórn of fámenn. Nota sér fjarskiptamenn	Lögreglan	Rautt
Hugsanlega þarf að breyta aðkomubrottfararleiðum inná flugvöll	Óskum eftir tillögum ykkar	Isavia	Gult
Bent á að gott væri að á staðnum væru vatnspétt blöð og blýantar til skráningar	Kaupa slíkt og eiga á vísu stað á flugvelli auk þess sem allar viðbragðseiningar ættu að eiga slíkt til skráninga á vettvangi	Isavia auk allra viðbragðsaðila sem vinna á mörkinni	Gult
Auka þarf þjálfun Rauða kross fólks á ýmsum sviðum ss. á SSS og SSA	RKÍ ætlar að auka kennslu-og fræðslu	RKÍ	Grænt
Slæmt að vita ekki hversu fáir björgunarmenn myndu mæta á æfinguna	Fyrir utan samning þá vita menn um æfinguna <u>löngu</u> áður en hún er haldin	Björgunar-sveitir	Gult
Útkallssímtal 112 og flugturns til RNSA var ekki í samræmi við flugslysáætlun.	AFIS menn fari yfir verkferla og lagi ef þurfa þykir	Isavia	Rautt
Ekki gekk að samtengja talhópa RNSA og rannsóknarlögreglu	Þessir aðilar vinni að úrbótum með Neyðarlínunni	112+RNSA+lög reglan	Rautt
Flugriti var tekinn upp og hugsanlega færður	Gott að finnendur láti vita um flugritann og aðra muni og etv. merki staðina en eftirláti rannsakerndum að annast um	Allir sem vinna á slysstað	Gult

## Samantekt ábendinga úr skýrslum

Rýnipunktur	Tillaga að úrbótum	Eigandi	Mikilvægi
Útkall frekar óljóst vegna þess að menn voru að fara eftir hlustun á Av_AL_2 á Tetra	Ýtarlega var farið yfir að turn myndi kalla í 112 á Tetra með upplýsingar sem síðan myndi (112) senda út boð með SMS um boðun atburðar	Allir þátttakendur	Grænt
Ruglingur með sjúkraflugvélar og hvenær þær færu í loft	Æfingarlegs eðlis	Stjórnkerfi æfingar	Grænt
Viðbrögð við Alvara-Alvara voru ómarkviss og seinvirk	Æfingastjórn þarf að laga og brýna viðbrögð innan hópsins	Isavia/AVD	Grænt
Óvissa um lok æfingar	Matsatriði en verður skoðað	Æfingastjórn	Grænt
Öll umferð um flugvöll bönnuð vegna lendingar þyrlu	Etv. mætti H-merkja stað fyrir þyrlu á rampi	Umdæmisstjóri Isavia	Grænt
Hópur heilbrigðisfólks sinnti bráðaflokkun á SLY	Æfingargildið ótvírátt en leggja skal áherslu á tryggja að aðrir geti séð um áverkamat vegna hugsanlegrar vöntunar á fólki á SSS.	Heilbrigðisfólk, björgunarsveitir, Rauði krossinn	Grænt
VST var útundan í fjarskiptaflæði milli Aðhlyningarstjóra-AST og SST	Bæta talhópnum „ Av-Heilsug_1“ við hlustun á VST	Lögreglan og HSA	Grænt
Kuldi á hluta rauða/gula svæðis á SSS vegna opinnar inngangshurðar	Isavia á EGS hugsi út aðferðafræði til þess að minnka vandamálið (blásari, breyting á opnun eða annað)	Isavia EGS	Gult
Afrifur áverkamats ekki fylltar út og eða týndust	Æfingarlegs eðlis	Allir sem skrá og/eða geyma afrifur	Gult



Ljósm: GÖA